

**SKOÐUN** Guðmundur Andri Thorsson spyr hvort samfélagið geti lifað með því að líða ránskap. 13



**MENNING** Hörður Ingason, ljósmyndari í Danmörku, myndaði tískuþátt fyrir Costume. 26



**SPORT** Chuck Chijindu hjá Þór er nammigrís. Væri til í helmingsafslátt á laugardögum vestanhafs. 22







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Mánudagur**
12. ágúst 2013
187. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



**Leyfa landtökubyggðir** Ísraelsk stjórnvöld hafa gefið landtökumönnum leyfi til að reisa byggingar með 1.200 nýjum íbúðum á herteknum svæðum á Vesturbakkanum. 10

**Prestur gengur á fjöll** Þorgrímur Daníelsson prestur stefnir á að ganga á þrjátíu tinda og fjöll í ágústmánuði til styrktar Landspítalanum. 2

**Íslendingur játar morð** Íslenskur maður játar að hafa myrt norskan útvarpsmann í maí. 2

**Hagnast á viðræðum** Íslenskur stjórnsýslufræðingur segir íslenskt samfélag hafa hagnast á aðildarviðræðum við Evrópusambandið. 6




12

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 13° | SV | 6 |
| Akureyri | 15° | S | 2 |
| Egilsstaðir | 14° | SV | 2 |
| Kirkjubæjarkl. | 15° | SV | 2 |
| Reykjavík | 13° | V | 2 |

**Sólin lætur sjá sig** um allt land í dag. SV-læg átt, 5-10 m/s NV-til og með N-ströndinni, annars hægari. Pykknar upp V-til í kvöld. Hiti 10-17 stig. 4

## 3 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Sjónmælingar | Fólk









# Fleiri banaslys orðið í ár en allt árið í fyrra

Fjórir hafa látist í þremur umferðarslysum sem bar að á einni viku. Öll slysin urðu á Suðurlandsvegi. Nú þegar hafa fleiri látist í umferðinni en allt árið í fyrra.

**UMFERÐARMÁL** Fjórir hafa látist í þremur umferðarslysum sem öll áttu sér stað í síðustu viku. Allt árið í fyrra létust níu manns í umferðarslysum. Nú þegar er tala látinna í ár komin upp í tíu og er þó hálfur fimmti mánuður eftir af árinu.

„Þetta er sársaukafull áminning um það að við þurfum stöðugt að halda fókus og vera með athyglina í lagi," segir Einar Magnús Magnússon, kynningastjóri hjá Samgöngustofu.

Banaslysin fjögur, sem bar að frá sunnudeginum 3. ágúst til laugardagsins 10. ágúst, urðu öll á Suðurlandsvegi. Á vef Umferðarstofu eru merkt banaslys og slys sem skilgreind eru sem alvarlegt slys. Þar má sjá að á síðasta ári urðu þrettán alvarleg slys á Suðurlandsvegi á kaflanum frá Kirkjubæjarklaustri til Reykjavíkur og eitt banaslys. Það banaslys varð reyndar mjög nærri þeim stað þar sem tvær stúlkur létust í bílslysi síðastliðinn sunnudag. Sjö alvarleg slys urðu á kaflanum frá Hellu til Reykjavíkur á síðasta ári en þetta er tæplega hundrað kílómetra leið.

„Ef menn hefðu ekki farið svona fram úr sér þegar þeir samþykktu á Alþingi, gegn áliti sérfræðinga, að fara svokallaða 2+2 leið við að breikka Suðurlandsveg þá má ætla að við byggjum við mun meira umferðaröryggi en raun ber vitni í dag," segir Einar Magnús.

„Hefðu menn farið hófsamari og ódýrari leiðir værum við með öruggari Suðurlandsveg í dag. En menn fóru fram úr sér í kappinu og því varð minna úr en annars hefði orðið. Þó vil ég ítreka það að þær úrbætur sem hafa verið á teikniborðinu hefðu ekki komið í veg fyrir þessi hörmulegu banaslys undanfarna viku þar sem þau voru utan þeirra svæða sem þar voru tekin til."

jse@frettabladid.is



**FÁNAFLÓÐ** Litadýrðin var mikil á hinni árlegu Gleðigöngu, líkt og myndin ber vitni um. Þessir ökuþórar fóru fyrir göngunni á mótorfákum sínum, þöndu vélar sínar og létu í sér heyra. sm / sjá síðu 8 FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Unnið er að miklum breytingum á Sjóræningjahúsinu á Patreksfirði:

# Gestir ná í matinn í ægisgreipar

**MANNLÍF** Aðstandendur Sjóræningjahússins á Patreksfirði vinna hörðum höndum að því að geta boðið matargestum sínum upp á að veiða sjálfir í matinn frá og með næsta vori. Að sögn Davíðs Rúnars Gunnarssonar, annars eigenda Sjóræningjahússins, verður flotbryggju komið fyrir í fjörunni aftan við húsið og þaðan munu gestir sækja matinn í greipar ægis.

Hann segir hugmyndina hafa legið í augum uppi, Patreksfjörður sé sjávarþorp þar sem stutt sé í hráefnið og ekkert því til fyrirstöðu að Patreksfjörður verði líka gott sjávarréttaþorp.

Nú standa þau hjónin, Davíð Rúnar og Alda Davíðsdóttir, í samningaviðræðum um sölu á Sjóræningjahúsinu. Nýir eigendur munu svo gera húsið upp en langstærsti hluti þess er ónothæfur í dag.

Hugmyndin er svo að þau muni leigja húsið af nýjum eigendum þegar allt er gengið í gegn. Þótt hnúfubakar hafi oft fylkt liði inn Patreksfjörð verða ekki auglýstar hvalaskoðunarferðir, til þess eru ferðir hnúfubaksins of óstopular. „Hins vegar er hægt að ganga að hrefnunni vísri a matseðlinum," segir Davíð Rúnar.

jse/sjá síðu 4



**STUTT Í RISAARMA HAFSINS** Það er svo sem ekki langt að sækja hráefnið í góða máltíð í Sjóræningjahúsið.

Ferðamaður féll af vélsleða:

# Þyrla sótti konu á Langjökli

**SLYS** Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti slasaða konu upp á Langjökul um hálffimmleytið í gærdag. Konan hafði fallið af vélsleða og hlaut slæm bakmeiðsli og var því flutt á Borgarspítalann. Ekki er um alvarlega áverka að ræða.

Hún er erlendur ferðamaður. Hún var í skipulagðri sleðaferð á jöklinum. Tilkynnt var um slysið rétt fyrir klukkan fjögur. Skilyrði voru góð til þyrluferðar svo björgunarferðin var skjót. - jse



**ROKATENDA SPÝR ÖSKU** Eldgos á eyjunni Palue hófst á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eldgos á Indónesíu:

# Sex létu lífið en aðrir forða sér

**INDÓNESÍA, AP** Sex manns hafa látið lífið á Indónesíu vegna eldgoss sem hófst á laugardaginn. Þeir höfðu ekki viljað yfirgefa heimkynni sín þegar stjórnvöld hvöttu til þess á síðasta ári.

Eldgosið í fjallinu Rokatenda hófst á laugardag á eyjunni Palue í austanverðum eyjaklasanum.

Þúsundir manna hafa verið fluttar burt síðan á laugardag en þeir sem létust voru á slóðum sem strax á síðasta ári þóttu varhugaverðar, eftir að jarðskjálftavirkni tók að aukast og merki um yfirvofandi eldgos urðu æ sterkari. - gb




## SPURNING DAGSINS



Tómas, er lögbrot Deildu.net óumdeilanlegt?

**„Um það verður ekki deilt.“**
Tómas Þorvaldsson er lögmaður Sambands íslenskra kvikmyndagerðarmanna. Í síðustu viku tóku eigendur skráarskiptasíðunnar Deildu.net þá ákvörðun að byrja að deila íslensku myndefni.

Vesturbyggð lýsir yfir óánægju yfir því hvernig Skeljungur skilar lóð:

# Krefja Skeljung um hreinsun

**UMHVERFISMÁL** Bæjarráð Vesturbyggðar er ósátt við ástand iðnaðar- og athafnalóðar við höfnina á Patreksfirði sem Skeljungur hefur skilað bæjaryfirvöldum. Á lóðinni var gasolíugeymir sem nú hefur verið rifinn en í bréfi sem skipulags- og byggingarfulltrúi, hefur lagt fram segir að lóðin sé olíumenguð.

Bæjarráð ætlar því að óska eftir því við Skeljung að lokið verði við hreinsun á lóðinni fyrir 1. september „eftir viðurkenndum aðferðum“, eins og segir í bókun bæjarráðs. Einnig lýsir bæjarráð yfir undrun sinni á vinnubrögðum Umhverfisstofnunar, sem gerði úttekt á svæðinu þar sem engin athugasemd er gerð við frágang Skeljungs.

„Við teljum okkur hafa verið í ágætu samráði við yfirvöld á staðnum,“ segir Einar Örn Ólafsson, forstjóri Skeljungs. „Við höfum ekkert heyrt í þeim upp á síðkastið og kjósum að vinna málið áfram með þeim frekar en á vettvangi fjölmiðla.“ -jse



**FRÁ HÖFNINNI Á PATREKSFIRÐI** Málið varðar lóð þar sem áður var gasolíugeymir Skeljungs. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL AÐALSTEINSSON

Forsætisráðherra Noregs:

# Stoltenberg keyrði leigubíl

**NOREGUR, AP** Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, gerði sér lítið fyrir og ók leigubifreið um götur Óslóar í gær. Hann tók grunlausa farþega upp í bílinn, sem hittu þar óvænt fyrir forsætisráðherra sinn.

Stoltenberg segist hafa gert þetta til að kynnast af eigin raun hvað fólkið í landinu sé að hugsa. Jafnframt vonast hann væntanlega til að fá atkvæði út á tiltækið, en kosið verður til þings í Noregi þann 9. september. - gb



**NÝTT UPPHAF** Niðurdýfingarskírn táknar nýtt upphaf fyrir þann er tekur skírn. Hér sést Baldur Freyr Einarsson skíra unga konu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Trúfélagið United stóð fyrir skírn í Nauthólsvík:

# Átta manns skírðust

**FÓLK „Það voru átta manns sem skírðust og tók athöfnin um hálftíma. Fólk fer undir, það er sungið og svo lýkur athöfninni með blessun. Þetta er mjög falleg og yndisleg stund,“ segir Baldur Freyr Einarsson, meðlimur í trúfélaginu United. Félagið stóð fyrir svokallaðri niðurdýfingarskírn í Nauthólsvík á föstudag.**

**Baldur Freyr segir athöfnina tákna nýtt líf fyrir þann er tekur skírnina. Aðspurður segir hann gjörninginn sannarlega vekja athygli þeirra sem eiga leið hjá.**

**United hefur verið starfrækt í rúm tvö ár og rekur einnig áfangaheimili með 38 plássum.** - sm

Umferðarslys í Mosfellsdal:

# Bifhjóli ekið aftan á bíl

**LÖGREGLUMÁL** Alvarlegt umferðarslys varð í Mosfellsdal skömmu eftir klukkan tvö í gær.

Að sögn lögreglu keyrði maður á bifhjóli aftan á fólksbifreið og féll við það af hjólinu. Ökumaðurinn mun vera nokkuð slasaður og var fluttur með sjúkrabifreið á slysadeild. Kranabíll flutti hjólið af vettvangi og var Þingvallavegi lokað frá Vesturlandsvegi um hríð vegna slyssins. - sm

Egyptar boða aðgerðir:

# Rýma búðir mótmælenda

**EGYPTALAND, AP** Egypski herinn sagðist í gær ætla að leggja til atlögu gegn mótmælendum sem hafa hreiðrað um sig á tveimur stöðum í Kaíró.

Herinn sagðist ætla að láta til skarar skríða innan sólarhrings og var talið líklegt að reynt yrði að rýma búðir mótmælenda strax í bítið í dag.

Átök hersins við mótmælendur í Kaíró hafa á síðustu vikum kostað tugi manna lífið. - gb






# Vilja að klerkur fari upp á Kerlinguna

Guðsmaður ætlar að ganga á þrjátíu tinda í ágúst til að leggja sitt af mörkum til góðgerðasöfnunar. Gamansamir menn skora á hann að halda upp á vígsluafmæli uppi á Kerlingunni. Segist koma með eitthvað minna af fjöllum en Móses forðum.

**SAMFÉLAGSMÁL** Þjóðkirkjan stendur fyrir söfnun til handa Landspítalanum en þar er brýn þörf á nýjum línuhraðli, sem er geislatæki notað til krabbameinsmeðferðar. Til að hnykkja á því hefur Þorgrímur Daníelsson, prestur á Grenjaðarstað, tekið sig til og stefnir á að ganga á þrjátíu tinda og fjöll áður en ágústmánuður er allur.

Hann hefur nú þegar gengið á þrettán tinda. „Ef þetta væri handboltaleikur þá mætti segja að ég sé með yfirhöndina nú þegar seinni hálfleikur er að hefjast,“ segir Þorgrímur. Hann segist þó vel meðvitaður um það að vegir guðs séu órannsakanlegir.

Hann segir veruna uppi á fjöllum vissulega hafa áhrif á sig. „Það er líka margt sem segir frá í Biblíunni sem gerist einmitt uppi á fjöllum. Davíð byggir borg uppi á fjalli, Jesús heldur fjallræðuna, Jesús fór með þá Pétur, Jakob og Jóhannes upp á fjall og ummyndaðist þar og svo fór Móses upp á fjall og kom niður með boðorðin tíu.“

En hvað kemur Þorgrímur með af fjöllum? „Það verður kannski ekkert á við hann Móses,“ segir hann og hlær við. „En maður losnar náttúrulega úr viðjum daglegs amsturs og þá sér maður ýmsa hluti skýrar. Það er eins og maður losni við hismið. Eitt af því sem fer um huga minn á þessum ferðum er að mér finnst við einmitt eyða of miklum tíma í það sem í raun skiptir ekki máli og þá á kostnað þess sem einmitt skiptir öllu máli. Svo er ég kominn á þann aldur að ég velti því mikið fyrir mér til hvers maður hafi lifað og hvort maður hafi gert gagn og þá hvernig sé best að lifa þannig að sem mest gagn sé af. Er þetta ekki ágætis veganesti sem maður kemur með frá fjöllum?“

Þorgrímur segist skipuleggja sig þrjá daga fram í tímann. Hann velur tindana til dæmis með hliðsjón af veðri en hann stefnir á að klífa tinda í öllum landsfjórðungum. „Svo hafa gamansamir menn verið að skora á mig að ég haldi upp á tuttugu ára vígsluafmæli uppi á Kerlingunni,“ segir hann og hlær við, enda sígilt gamanmál að presturinn fari upp á Kerlinguna. Hann segist reyndar verða svolítið ásfanginn af hverju fjalli sem hann fer á þannig að gera má því skóna að hann muni jafnframt falla fyrir Kerlingunni.

jse@frettabladid.is



**GUÐSMAÐUR KOMINN AF FJÖLLUM** Múhameð fékk sína köllun á fjalli og Móses borðorðin. Margt hefur Þorgrími hlotnast á fjallgöngum sínum þótt kannski teljist það smátt í þessum samanburði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Á TINDINUM** Það er ekki aðeins útsýnið sem er flott frá toppnum, margt í lífinu lítur öðruvísi út þegar maður er þarna uppi.

## Söfnun Þjóðkirkjunnar fyrir Landspítalann

Söfnunarreikningur Landspítalasöfnunarinnar er 0301-26-050082, kennitala: 460169-6909.

Hægt er að fylgjast með og heita á Þorgrím á fésbókinni. Síðan heitir *30 tindar í ágúst*.

Lögreglan í Noregi skýrir nánar frá tildrögum morðsins á Helge Dahle í vor:

# Íslendingur hefur játað morðið

**NOREGUR** Íslendingurinn sem er í haldi norsku lögreglunnar fyrir að hafa myrt þekktan útvarpsmann í Noregi í maí síðastliðnum hefur gengist við brotinu. Hann lagði til hins látna með pylsuhníf og stakk hann þrívegis í bakið og einu sinni í brjóst.

Norska blaðið VG greinir nánar frá atburðarásinni á vef sínum.

Þar segir að fórnarlambið, fimmtugi útvarpsmaðurinn Helge Dahle, hafi reynt að stöðva Íslendinginn, sem var í stympingum við annan mann, með því að sparka í höfuð hans.

Íslendingurinn er á fertugsaldri og býr í Grimstad en hann hefur verið búsettur í Noregi frá árinu 2005.

Mennirnir sátu saman að sumbli í veislutjaldi í maílok við heimili í bænum Valle. Atburðarásin átti sér stað árla morguns en þá var fórnarlambið stungið þrívegis í bakið og einu sinni í brjóstkassann. Fram kemur einnig á vef VG að morðvopnið hafi verið pylsuhnífur með skafti úr hreindýrahorni, sem var í eigu milljarðamæringsins Knut Axel Ugland. - mlþ




**NORSKA LÖGREGLAN** Upplýsir að morðvopnið hafi verið pylsuhnífur. NORDICPHOTOS/AFP




# Fullbúinn jeppi með háu og lágu drifi








ESP SPÓLVÖRN ABS+EBD HEMLAKERFI

ESP STÖÐUG-LEIKAKERFI

MEÐ HÁU OG LÁGU SÍDRIFI

FULL FRAME 4x4

Fullkomið leiðsögutæki með Garmin snertiskjá og íslensku korti Bluetooth símkerfi – Usb og aux tengi – Skyggðar rúður – Cruise control – Öflug en sparneytin 2,4 lítra vél, 169 hestöfl Lykillaust aðgengi og start og margt fleira.

**Verð frá kr. 5.590 þús.-**

Við bjóðum ekki aðeins trausta bíla, heldur leggjum einnig mikla áherslu á góða varahlutaþjónustu.

Hugtök Markaðsráðgjöf April 2013

SUZUKI SPARNEYTNI

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

## SVONA ERUM VIÐ



**1.023** ný einkahlutafélög voru skráð

**hér á landi fyrstu sex mánuði ársins**

Á sama tíma var 531 fyrirtæki tekið til gjaldþrotaskipta.

*Heimild: Hagstofa Íslands*

Ungur plötusnúður skemmti sundlaugargestum á Patreksfirði um helgina:

# Kemur gamla fólkinu í stuð

**MANNLÍF** Það var ekki vandalaust hjá Unu Margréti Reynisdóttur að höfða til allra þegar hún þeytti skífum í sundlaugarveislu á Patreksfirði á föstudaginn. Sjálf er hún ellefu ára en meðal veislugesta voru börn á æði misjöfnum aldri.

Efnt var til veislunnar í tilefni Pönks á Patró, sem var að hefjast. Það var þó ekki mikið um pönk á lagalistanum. „Ég spila mest popp og svo bara alls konar. Svo voru gömlu karlarnir ánægðir þegar ég spilaði lag með Stuðmönnum.“

Hún segir þetta ekki vandasamt verk ef réttu græjurnar eru fyrir hendi. Hún sækir þær, eins og áhugann og hæfileikana, til föður síns, Reynis Lyngdal, sem er reyndur plötusnúður og þekktur leikstjóri.

Una Margrét segist vel geta hugsað sér að leggja plötuþeytingar fyrir sig og virðist tímaskortur einna helst geta sett strik í þann reikning því ýmislegt stendur til. „Mig langar að verða hljómsveitarstjóri. Og svo langar mig líka að verða dýralæknir og bóndi,“ segir hún. - jse



**UNA MARGRÉT MEÐ RÉTTU GRÆJURNAR** Hún var ekki í vandræðum með að koma börnum á öllum aldri í stuð í sundlauginni á Patreksfirði.

Rajoy vill rýmka reglur:

# Vilja Kólumbíu af svörtum lista

**SPÁNN** Spánverjar munu fara fram á það að við aðildarþjóðir að Schengen að Kólumbía og Perú verði tekin af lista yfir þær þjóðir sem þurfa að sýna vegabréfsáritun við komuna til Spánar.

Margir hafa mótmælt því að Kólumbíumenn hafi þurft að sæta þessu frá árinu 2001 og kólumbíski rithöfundurinn Gabriel García Márquez sagði „ég þarf ekki vegabréfsáritun til að heimsækja land móður minnar“. - jse

Skemmdarverk á Ingólfstorgi:

# Ósáttir við breytingar

**BORGARMÁL** Myndband sem sýnir nokkra menn fremja skemmdarverk á Ingólfstorgi fór eins og eldur í sinu um veraldarvefinn í gær. Mennirnir segjast vera hjólabrettamenn og eru ósáttir við aðbúnað hjólabrettamanna í Reykjavík. Í samtali við Fréttablaðið sagði einn mannanna sem frömdu skemmdarverkin að þeir félagar væru mjög ósáttir við breytingar á Ingólfstorgi og að stór hópur væri á sama máli.

Maðurinn sagðist lítið muna eftir atburðum næturinnar en viðurkenndi að þeir félagar hefðu gengið of langt. Lögreglan handtók mennina í nótt en þeim var sleppt eftir yfirheyrslu. -þþo

Launakönnun innan ESB:

# Laun breskra lækka mest

**ENGLAND** Laun í Englandi hafa lækkað töluvert miðað við önnur lönd innan Evrópusambandsins. Breski Verkamannaflokkurinn óskaði eftir upplýsingunum, sem leiddu í ljós að tímakaup breskra launþega hefði lækkað um 5,5 prósent frá árinu 2010.

Að sama skapi hækkaði tímakaup þýskra launþega að meðaltali um 2,7 prósent.

Af hinum 27 sambandsríkjum Evrópusambandsins hafa aðeins laun Grikkja, Portúgala og Hollendinga lækkað meira en Englendinga.

Meðallaun íbúa innan sambandsins hafa lækkað um 0,7 prósent frá árinu 2010. - sm



**GUNNAR BEN KENNIR KRÖKKUNUM** Hér fer Gunnar með einhver rokkfræði.

Sjötíu í læri hjá Skálmöld:

# Pönkast með krökkunum

**MANNLÍF** Um sjötíu krakkar mættu á tónlistarsmiðju hljómsveitarinnar Skálmöld sem fór fram í fyrradag á Patreksfirði.

Tónlistarsmiðjan samanstóð þó ekki af eintómu pönki því krökkunum var skipt niður á þrjár stöðvar. Í einni var kenndur trommuleikur, í annarri kveðskapur og söngur við lög Skálmaldar og í þeirri þriðju var farið yfir nokkur atriði í goðafræðum. Svo voru teiknaðar myndir á þrjá léreftsdúka. - jse

Hermaður handtekinn:

# Hugðist gera árás á mosku

**FRAKKLAND, AP** Ungur hermaður hefur verið handtekinn á herflugvelli skammt frá Lyon í Frakklandi. Hann hafði verið að skipuleggja árás á mosku þar í grennd.

Í yfirlýsingu frá franska innanríkisráðuneytinu segir að maðurinn hafi verið með hugmyndir „skyldar hugmyndum róttækra öfgahægrimanna.“ - gb

**LEIÐRÉTT**

Greinin „Ekki einn háskóla eða spítala“ eftir Hauk Arnþórsson stjórnsýslufræðing var ranglega eignuð Ómari H. Kristmundssyni, prófessor í stjórnsýslufræði, í blaðinu á laugardaginn. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Matargestir munu veiða sér til matar

**Flotbryggja verður lögð við Sjóræningjahúsið á Patreksfirði og munu matargestir sjálfir veiða sér í matinn næsta vor ef öll áform sjóræningjahjónanna ganga eftir. Til stendur að gera húsið upp en langstærsti hluti þess er enn ekki nýttur.**

**MANNLÍF** Ef áform aðstandenda Sjóræningjahússins á Patreksfirði ganga eftir mun veitingagestum þar bjóðast að veiða sér sjálfir til matar næsta vor. Davíð Rúnar Gunnarsson, annar eigenda Sjóræningjahússins, segir að til standi að leggja flotbryggju neðan við safnið sem er við fjöruborðið. Þaðan munu veitingagestir róa út. Þegar komið er til baka með aflann gefst þeim tækifæri á að elda fenginn sjálfir eða láta fagmann um það.

Davíð Rúnar segir enn fremur að nú standi yfir viðræður um sölu á húsinu. Nýir eigendur muni síðan gera húsið upp og leigja fyrrverandi eigendum, það er að segja þeim hjónum Davíð Rúnari og Öldu Davíðsdóttur.

Sjóræningjahúsið er 700 fermetrar en aðeins er búið að taka 200 fermetra í gagnið. „Hinir fimm hundruð rétt halda fyrir vatni og vindum svo það eru heilmörg handtök eftir,“ segir Davíð Rúnar.

Hann segir að hugmyndin um að gestir veiði sér sjálfir til matar hafi legið við. „Við erum náttúrulega í sjávarþorpi hér svo það er ekki langt að fara eftir hráefninu. En nú verður Patró ekki bara sjávarþorp heldur líka sjávarréttaþorp,“ segir hann kankvís. „Það er líka þekkt að í sjóstangveiðinni gæðir fólk sér á aflanum í lok dags þannig að við erum svo sem ekki að finna upp hjólið. Þar að auki viljum við sýna metnað og bjóða ferðamönnum toppmat úr besta hráefni í stað þess að vera bara með hammara og pitsu sem svo víða um land er otað að ferðamanninum.“

Ekki þurfa þó allir að leggja út færi og borða fisk sinn leggi þeir leið í Sjóræningjahúsið því einnig verður bátaleiga á svæðinu. „Það er þó ekki alveg búið að útfæra það, hvort það verður kajak eða eitthvað annað.“

Undanfarin ár hafa hnúfubakar fylkt liði inn í Patreksfjörð svo hægt var að sjá bægslagang þeirra nánast út um stofugluggann. „Komur þeirra eru reyndar svo dyntóttar að við viljum ekki auglýsa hvalaskoðunarferðir. En vissulega munum við reyna að hafa uppi á þeim þegar þeir eru í firðinum.

Hins vegar er hægt að ganga að hrefnunni vísri á matseðlinum,“ segir Davíð Rúnar.

Þau hjónin opnuðu Sjóræningjahúsið fyrir fjórum árum. Þar er veitingasalur en þau leggja einnig ríka áherslu á menningarstarfsemi þar, enda hafa fjölmargir tónlistarmenn troðið upp en eins hefur sirkussýning farið þar fram. jse@frettabladid.is



**SJÓRÆNINGJAHÚSIÐ Í FJÖRUBORÐINU** Til fangbragða ögra risaarmar hafsins sagði Patreksfirðingurinn Jón úr Vör. Það er ekki langt í þau fangbrögð eftir fiski frá Sjóræningjahúsinu eins og hér má sjá.



**DAVÍÐ RÚNAR GUNNARSSON**






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**DREGUR FYRIR SÓLU** S- og V-lands í kvöld og nótt með rigningu eða súld. Bjart austan til á morgun en dregur svo fyrir þar einnig á miðvikudag. Milt í veðri, hiti 10-17 stig.




**Á morgun**
Fremur hægur vindur.




**Miðvikudagur**
Víða 5-10 m/s.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 30° | Billund | 20° | Gautaborg | 21° | London | 22° | Orlando | 32° | San Francisco | 19° |
| Basel | 30° | Frankfurt | 24° | Kaupmannahöfn | 21° | Mallorca | 36° | Ósló | 20° | Stokkhólmur | 20° |
| Berlín | 23° | Friedrichshafen | 26° | Las Palmas | 29° | New York | 28° | París | 23° | | |

**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Brostu!

ORMSSON

# SPARIDAGAR

Spari dagar 2013

Það er at, annríki og gaman á lagernum á SPARIDÖGUM - í þína þágu.



TILBOÐ! AFSLÆTTIR! VERÐLÆKKUN!

**20% afsláttur af AEG** kaffivélum, brauðristum, handþeyturum, töfrasprotum, hraðsuðukönnum, espressovélum, straujárnum, o.m.fl.

**20% afsláttur af AEG** ÞVOTTATÆKJUM, KÆLISKÁPUM, OFNUM, HELLUBORÐUM, GUFUGLEYPUM, RYKSUGUM ...

## Allar vörur á SPARIDÖGUM frá

AEG · brabantia · Tefal · SAMSUNG · Pioneer · SHARP · OLYMPUS · Verbatim · Nintendo

0% vextir — Vaxtalausar raðgreiðslur í tólf mánuði!* 

*3,5 % lántökugjald

**Tefal** POTTAR OG PÖNNUR *Snilldin ein!* Jamie Oliver — 20% afsláttur

**Pioneer** HLJÓMTÆKI X-HM11-K
**Hljómtækjastæða**
FM útvarp · 40 stöðva minni · Spilar: CD, MP3, WMA, CD-R/RW, USB, RCA · Heyrnartól 2x15W hátalarar · 4 Ohm
LISTAVERÐ: 34.900 — TILBOÐSVERÐ: 26.900

**Pioneer** HLJÓMTÆKI X-HM30-K
**Hljómtækjastæða** með iPod/iPhone vöggu
FM útvarp · 40 stöðva minni · CD · 2x15W magnari.
LISTAVERÐ: 69.900 — TILBOÐSVERÐ: 49.900

**SHARP** SHLC39LE751E
**39"-3D-LED sjónvarp**
Full HD (1920x1080) · LED baklýsing · 200 Hz · DLNA, Netvafri, Timeshift o.m.fl
LISTAVERÐ: 189.900 — TILBOÐSVERÐ: 169.900

**SHARP** LC60LE751
**60"-3D-LED** Mjög töff tæki
Full HD (1920x1080) · LED baklýsing · 100Hz · Breytir 2D í 3D · USB afspilun · DLNA · Netvafri · TimeShift
LISTAVERÐ: 449.900 — TILBOÐSVERÐ: 379.900

**AEG** FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI
Frábært úrval ryksuga frá AEG — 20% afsláttur

**NIVONA**
Alsjálfvirkar kaffivélar frá NIVONA. Stilltu á mestu gæði. Sönn kaffiástríða

*Komdu og gerðu frábær kaup!*

SAMSUNG SETRIÐ samsungsetrid.is — SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK, SÍMI 530 2900

UExxF6675SB · UExxF6475SB

**STÓRKOSTLEG NÝ SAMSUNG SJÓNVÖRP**

6000 LÍNAN
**OPNUNAR TILBOÐ:**

UExxF6475SB:
40" = 199.900
46" = 249.900
55" = 379.900
65" = 699.900
75" = 1.290.000

UExxF6675SB:
40" = 259.900
46" = 319.900
55" = 459.900

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10-18
LAUGARD KL.11-15

**ORMSSON** LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
Sjá nánar: www.ormsson.is

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | KS | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI |
| KEFLAVÍK | AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 530 2870 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Frá hvaða tveimur löndum koma flestir þeirra ferðamanna sem hingað komu í júlí?
**2.** Hvaða íslensk kvikmynd hefur haft áhrif á fjölda ferðamanna í Flatey á Breiðafirði?
**3.** Hvaða dýr hafa verið notuð hér á landi til að hjálpa lesblindum börnum að lesa?

**SVÖR:** 1. Bandaríkjunum og Þýskalandi. 2. Brúðguminn. 3. Hundar.

Hross í oss, eftir Benedikt Erlingsson, valin til þátttöku á San Sebastián-kvikmyndahátíðinni:

# Frestar frumsýningu til að vera viðstaddur

**MENNING** „Þetta er mikill heiður og alveg stórkostlegar fréttir fyrir okkur sem stöndum í þessum slag,“ segir Benedikt Erlingsson. Fyrsta kvikmynd hans í fullri lengd, Hross í oss, hefur verið valin til þátttöku á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni San Sebastián. Myndin mun keppa í aðalkeppni hátíðarinnar.

Hátíðin er haldin í september í spænsku borginni Donostia-San Sebastían og er þetta í 61. sinn sem hún fer fram. Benedikt verður viðstaddur sýningu Hross í oss á hátíðinni en til þess að það væri hægt þurfti að fresta frumsýningu leikverksins Jeppa á fjalli, sem er í leikstjórn Benedikts og stóð til að frumsýna þann 27. september. „Ég kemst ekki hjá því að sækja hátíðina því leikstjórar fá ekki verðlaun ef þeir eru fjarverandi. Þetta er einhver kúltúr sem viðgengst á kvikmyndahátíðum. Magnús hefur samþykkt að flytja til frumsýningu Jeppa á fjalli svo ég komist út til Spánar að hneigja mig,“ segir Benedikt og á þar við Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóra Borgarleikhússins.

Friðrik Þór Friðriksson er framleiðandi myndarinnar og verður hann einnig viðstaddur sýningu hennar í Donostia-San Sebastían. „Hann er minn lærimeistari í þessum málum. Þegar maður fer út á kvikmyndahátíðir með Friðriki kynnist maður öllum sem skipta máli. Þetta er eins og að mæta við hlið Madonnu,“ segir hann að lokum. - sm



**ÁNÆGJULEGAR FRÉTTIR** Fyrsta kvikmynd Benedikts Erlingssonar keppir á San Sebastián-kvikmyndahátíðinni í september. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**OSWALD OG BEEF** Legsteinarnir hlið við hlið í kirkjugarði í Fort Worth í Texas. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjölskyldufaðir í New York:

## Keypti gröf við hlið Oswalds

**BANDARÍKIN, AP** Lengi hafa þeir sem fyrir forvitni sakir hafa lagt leið sína að gröf Lee Harvey Oswald velt því fyrir sér hver Nick Beef hafi verið, en legsteinn hans er við hlið legsteins Oswalds í kirkjugarðinum í Fort Worth í Texas.

Beef er hins vegar enn á lífi, er 56 ára gamall og býr í New York ásamt fjölskyldu sinni. Hann segist hafa keypt legstæðið árið 1975, þegar hann var átján ára, og sett legsteininn þar árið 1997.

Hann kann engar skýringar á athæfinu og segist alls ekki ætla að láta grafa sig við hlið mannsins sem myrti Kennedy forseta. Helst vilji hann láta brenna líkið af sér. - gb

### BANDARÍKIN

**Faðir Snowdens fær áritun**

Lon Snowden, faðir uppljóstrarans Edwards Snowden, hefur fengið vegabréfsáritun til Rússlands og hyggst heimsækja son sinn, sem þar hefur fengið tímabundið hæli.

# Höfum grætt á viðræðum

Íslensk stjórnsýsla og samfélag hefur hagnast verulega á aðildarferlinu við Evrópusambandið. Þetta segir stjórnsýslufræðingur í stjórn Félags stjórnsýslufræðinga. Hann segir að margar stofnanir hafi styrkst verulega við þetta ferli. Forsætisráðherra sagði um helgina að styrkirnir væru til þess gerðir að koma Íslandi inn í ESB.

**EVRÓPUMÁL** Íslensk stjórnsýsla og samfélag hefur hagnast verulega á aðildarferlinu við Evrópusambandið. Þetta segir stjórnsýslufræðingur í stjórn Félags stjórnsýslufræðinga. Hann segir verkefni á borð við IPA-styrktarsjóðinn hafa fallið í skuggann á háværri umræðu um ESB.

Mikið hefur verið rætt um IPA-styrki síðustu daga en Evrópusambandið hefur ákveðið að skrúfa fyrir styrkveitingu til fjölmargra verkefna hér á landi.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði í kvöldfréttum RÚV í gær að með þessari ákvörðun hefði fengist staðfest að IPA-styrkirnir væru til þess ætlaðir að koma Íslandi inn í Evrópusambandið.

Enginn vafi er á því að styrkirnir hanga saman við umsóknarferli eða mögulegt umsóknarferli þjóða. Endanleg ákvörðun þessara þjóða er þó höndum kjósenda.

Á meðal þeirra verkefna og stofnana sem verða af styrkjum eru Nýsköpunarmiðstöð, sem átti von á um 380 milljónum króna. Að sama skapi fær Tollstjóraembættið ekki tæpan milljarð til að koma á rafrænu tollkerfi. Þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins verður af um 150 milljónum og Veðurstofan verður af 270 milljónum króna sem átti að fara í lagfæringar á vatnamælingakerfi landsins.

Fjármálaeftirlitið fær síðan ekki hálfan milljarð sem var ætlað að efla eftirlit með fjármálastarfsemi. Þá átti Matís von á 240 milljóna króna styrk frá Evrópusambandinu. 1,3 milljarðar áttu síðan að fara í 14 verkefni tengd byggðamálum.

Ljóst er að ríkissjóður þarf að hlaupa undir bagga ef þessi verkefni eiga að verða að veruleika.

Elvar Örn Arason stjórnsýslufræðingur er í stjórn Félags stjórnsýslufræðinga en samtökin hafa rýnt í áhrif Evrópusambandsins og IPA-styrkja á íslenska stjórnsýslu og samfélag. Málið var rætt á ráðstefnu síðastliðinn vetur.



**ELVAR ÖRN ARASON**

„Það var mál manna að allt þetta ferli og þátttaka í því hefði styrkt stofnanirnar,“ segir Elvar Örn. „Það er alveg ljóst að ef þetta hættir núna fer þessi vinna í súginn. Við vitum í raun ekki alveg hver áhrifin verða af þessu.“

Þá bendir Elvar á að umræðan um ESB hafi verið þess eðlis að verkefni á borð við IPA hafi beinlínis gleymst.

„Umræðan hefur verið ansi hörð en hvort sem mönnum líkar það betur eða verr þá er Ísland stór aðili að Evrópusambandinu. Við erum það djúpt sokkin í Evrópusamstarfið. Í raun gleymist það stundum. Ef við náum að efla okkar stofnanir og stjórnsýslu verðum við vitanlega betur í stakk búin til að takast á við krefjandi verkefni.“

kjartan@365.is



**MILLJÓNIR Í STYRKI** Mikið hefur verið rætt um IPA-styrki síðustu daga en ESB hefur ákveðið að skrúfa fyrir styrkveitingu til fjölmargra verkefna hér á landi.

### Þessar stofnanir missa af milljónum

- Nýsköpunarmiðstöð Íslands 380 milljónir króna
- Tollstjóri 945 milljónir króna
- Utanríkisráðuneytið 150 milljónir króna
- Veðurstofa Íslands 270 milljónir króna
- Fjármálaeftirlitið 500 milljónir króna
- Matís 240 milljónir króna


## Aðalfundur Klakka ehf.
## 20. ágúst 2013

Aðalfundur Klakka ehf. verður haldinn þriðjudaginn 20. ágúst 2013 á Hilton Reykjavík Nordica að Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík, og hefst fundurinn kl. 10:00.

**Dagskrá:**

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2012.
2. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2012 ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar. Ákvörðun um greiðslu arðs og jöfnun taps fyrir síðastliðið reikningsár.
3. Kosning stjórnar.
4. Kosning endurskoðunarfélags.
5. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
6. Tillaga stjórnar um að samþykkja starfskjarastefnu Klakka ehf.
7. Önnur mál.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Framboð til stjórnar félagsins skal berast skriflega til stjórnar eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund.

Fundargögn verða afhent á aðalfundardegi frá kl. 9:30 á fundarstað.

Reykjavík, 12. ágúst 2013.
Stjórn Klakka ehf.

klakki

Klakki ehf.
Síðumúla 28
108 Reykjavík
Sími 550 8600
www.klakki.is


Vilborg Arna Gissurardóttir og göngufélagar hennar lögð af stað á Elbrus:

# Á tindinn í dag eða á morgun

**FÓLK** Vilborg Arna Gissurardóttir hóf göngu sína á Elbrus, hæsta fjall Evrópu, á laugardag. Fjallið er sunnarlega í Rússlandi og tilheyrir Kákasusfjallgarðinum. Vilborg Arna hyggst klífa hæstu fjallstinda hverrar heimsálfu á einu ári.

Sex íslenskir fjallgöngugarpar ganga með Vilborgu Örnu á tindinn. Tveir tindar eru á fjallinu og hyggst hópurinn ganga á þann vestari, sem stendur hæst í 5.642 metrum yfir sjávarmáli. Vilborg Arna hefur haldið úti vefdagbók þar sem hægt er að fylgjast með ferðum hópsins. Síðasta færsla var rituð á föstudag, daginn fyrir gönguna, og þar segir Vilborg Arna að hópurinn hafi átt „magnaðan dag í hlíðum Cheget-fjalls“. Alls hefur hópurinn lagt að baki 45,5 kílómetra frá upphafi ferðalagsins fram til gærdagsins.

Áður en haldið var af stað á tindinn dvaldi hópurinn í Baskadalnum og gekk á nærliggjandi fjöll í þeim tilgangi að aðlagast hæðinni fyrir komandi átök. Stefnt er að því að hópurinn komist á tindinn í dag eða á morgun. - sm



**Í SÓL OG BLÍÐU** Hér má sjá gönguhópinn í veðurblíðunni í Rússlandi.


Allt í ferðalagið
LAGER
SALA
20 - 80%
AFSLÁTTUR
GOTT VERÐ!
120L
VÍKUR
V • E • R • K
VÍKURVERK – ALLT Í FERÐALAGIÐ!
VÍKURVERK EHF - VÍKURHVARF 6 - 203 KÓPAVOGUR - SÍMI 557 7720 - WWW.VIKURVERK.IS

GLEÐIGANGAN 2013 FÓR FRAM Í ÞRETTÁNDA SINN



**GLIMMERHAF** Gleðigangan var að venju litrík og fjörug, líkt og sjá má á þessari mynd.

# Pólitískari Gleðiganga en oft áður

Fjöldi fólks lagði leið sína niður í miðbæ til að fylgjast með hátíðarhöldunum. Stefán Karlsson ljósmyndari fangaði stemninguna í göngunni.

**FÓLK** Hinsegin dögum lauk í gær en hápunktur hátíðarinnar er hin árlega Gleðiganga sem farin var á laugardag. Þetta var í þrettánda sinn sem gangan var farin og tóku um 70 þúsund manns þátt í hátíðarhöldunum. Gangan í ár þótti töluvert pólitískari en hún hefur áður verið.

Samkvæmt vef Hinsegin daga er markmið göngunnar að lesbíur, hommar, tvíkynhneigðir og transfólk sameinist ásamt fjölskyldum sínum og vinum og staðfesti tilveru sína, sýnileik og gleði. Ljósmyndari Fréttablaðsins fylgdi göngunni eftir á laugardag og festi hátíðarhöldin á filmu. - sm



**BORGARSTJÓRINN** Jón Gnarr hefur verið virkur þátttakandi í hátíðarhöldum Hinsegin daga síðustu ár.



**MANNHAF** Um sjötíu þúsund manns fylgdust með Gleðigöngunni í ár.



**PÓLITÍSK GANGA** Margir nýttu tækifærið og vöktu athygli á þeim mannréttindabrotum sem eiga sér stað um víða veröld.




**SAMSTAÐA** Sendiherra Kanada og eiginmaður hans tóku þátt í göngunni. Starfsmenn bandaríska sendiráðsins tóku einnig þátt.

## Góð þátttaka í Gleðigöngunni í ár



**EVA MARÍA ÞÓRARINSDÓTTIR LANGE**

„Þetta gekk allt smurt fyrir sig. Gangan var eilítið pólitískari í ár en oft áður og það var svolítið skemmtilegt," segir Eva María Þórarinsdóttir Lange, formaður Hinsegin daga, um Gleðigönguna er fram fór á laugardag.

Alls voru 39 atriði hluti af skrúðgöngunni og segir Eva María það svipaðan fjölda og tók þátt árið 2011. „Í fyrra duttu nokkur atriði út því veðrið var svo erfitt. Fram að þessu hafa atriðin verið í kringum 25 til 40, þannig að þátttakan í ár var mjög góð." Hún segir aðstandendur göngunnar fara fram á að skilaboð þátttakenda séu skýr en annars sé öllum frjálst að taka þátt.

Um 70 þúsund manns fylgdust með göngunni á laugardag og kveðst Eva María ekki geta kvartað undan áhugaleysi samlanda sinna. „Eins og fram hefur komið er þetta alveg einstakt. Það þekkist varla annars staðar í heiminum að almenningur taki svo virkan þátt í gleðigöngum."

Stjórn Hinsegin daga tekur sér nú nokkurra daga hlé en hefur boðað til fundar eftir tíu daga þar sem hafist verður handa við skipulagningu næstu hátíðar.

„Þetta tekur sinn tíma, enda eru allt að þrjátíu viðburðir í gangi yfir alla hátíðina," segir Eva María að lokum.


**Bruen NLP- Coach Practitioner nám 2013**

**Á Akureyri: 29. ágúst – 24. nóvember**
**Í Reykjavík: 5. september – 1. desember**

„Getur þú ekki sagt mér hvaða leið ég á að velja núna?" spurði Lísa
„Það fer eftir því hvert þú ert að fara," svaraði kötturinn.
„Mér er svo sem alveg sama..." sagði Lísa.
„Þá skiptir engu máli hvaða leið þú velur" sagði kötturinn. (Lewis Carroll)

Kennt er í 4 lotum, 4 daga í senn – og er lota 1 og 2 opin námskeið
Lota 1 „NLP- Samskipti og lestur tjáskipta"
Lota 2 „NLP- Samtalstækni og uppbyggileg málnotkun"
Lota 3-4 „NLP-Coach Practitioner" (Diploma eftir staðið mat)

**Hvað og fyrir hverja er NLP-Coaching?**

Hrefna Birgitta verður á Icelandair Hotels Akureyri 14.-15. ágúst, tímapantanir hjá Ragnhildi í síma: 662 3469

Haustdagskrá Bruen verður kynnt fimmtudaginn 22. ágúst kl. 17:00 á Kríunesi við Elliðavatn.

**Tilvalið að fá sér kaffibolla og göngutúr í fallegu umhverfi**



**Hrefna Birgitta Bjarnadóttir**
**Alþjóðlega vottaður**
**NLP-kennari, HR-Coach**

**Nánari upplýsingar og skráning:**
Sími: 899-1939
Email: bruen@bruen.is
www.bruen.is

Bruen
www.bruen.is

www.plusferdir.is

Einstakt tækifæri!

Ótrúlegt verð!

# SJÓÐHEITUR SÓLARsprettur í sólarhring!

Brottfarir:
Tenerife:
21. & 28. ágúst.
Almería:
20. & 27. ágúst

## Tilboð á síðustu sætin í ágúst!

Vertu í viðbragðsstöðu því sólarsprettur Plúsferða **hefst í dag kl. 12:00!** Misstu ekki af þessu einstaka tækifæri því þú hefur aðeins 24 klst til að bóka sólarlandaferðina þína á einstöku verði!

## TENERIFE

**Los Alisios ★★★**

FRÁ: **79.100 kr.***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 98.200 kr á mann m.v. 2 fullorðna í bókun.
Brottför: 28. ágúst - 7 nætur.

Morgunmatur

**La Siesta ★★★★**

FRÁ: **95.400 kr.***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með morgunmat. Verð frá 118.640 kr á mann m.v. 2 fullorðna í bókun.
Brottför: 28. ágúst - 7 nætur.

## ALMERÍA

**Pierre Vacances ★★★**

FRÁ: **64.900 kr.***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með tveimur svefnherbergjum. Verð frá 79.800 kr á mann m.v. 2 fullorðna í bókun.
Brottför: 27. ágúst - 7 nætur.

Hált fæði!

**Hotel Neptuno ★★★★**

FRÁ: **79.900 kr.***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi og hálfu fæði.
Verð frá 99.837 kr á mann m.v. 2 fullorðna í bókun.
Brottför: 27. ágúst - 7 nætur.

plús FERÐIR

www.plusferdir.is

Sjá einnig önnur frábær verðdæmi á plusferdir.is!

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

**PLÚSFERÐIR** - Sími 535 2100 - info@plusferdir.is

* Innifalið: Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn.
Verð miðast við að bókað sé á netinu. Birt með fyrirvara um prentvillur.

Frans páfi vill samvinnu:

## Virðing milli trúarbragða



**FRANS PÁFI** Vill leiðbeina nýrri kynslóð trúaðra. NORDICPHOTOS/AP

**TRÚMÁL** Frans páfi hvatti í gær múslíma og kristna menn til samvinnu í ræðu á Pétursthorgi í Róm. Það gerði hann í tilefni þess föstumánuði múslíma er nýlokið.

Páfi telur nauðsynlegt að leiðbeina nýrri kynslóð trúaðra og koma á gagnkvæmri virðingu á milli kristinna og múslíma. Ólíkt fyrirrennurum sínum hefur Frans verið að störfum yfir sumarmánuðina, en hefð hefur verið fyrir því að páfi fari í frí í smáþorpinu Castel Gandolfo yfir sumarið. - hva

Skyndiflóð í Afganistan:

## Tuttugu og tveir látnir

**AFGANISTAN** Tuttugu og tveir hafa látist í skyndiflóði nærri Kabúl í Afganistan. Flóðið reið yfir þorp í Shakardara-héraði en mikill fjöldi fólks hafði lagt leið sína til héraðsins til þess að halda hátíðina Eid al-Fitr hátíðlega.

Samkvæmt vef BBC lést fólkið er flóðið reið yfir vegi og götur og hreif með sér bifreiðar. Flóðin hafa einnig eyðilagt heimili og ræktunarland.

Fyrr í mánuðinum létust hundrað manns í flóðum í austurhluta Afganistan og Pakistan vegna monsúnrigningar. - sm

# Segja Ísraela hafa staðfest að þeim sé engin alvara

Ísraelar hafa heimilað 1.200 nýjar íbúðir landtökumanna á herteknu svæðunum sem Palestínumenn gera tilkall til. Palestínumenn segja þetta sanna að Ísraelum sé engin alvara með friðarsamningunum, sem eiga að hefjast í vikunni eftir að hafa legið niðri árum saman. Ísraelar hafa lofað að veita tugum fanga frelsi í vikunni.

**ÍSRAEL, AP** Ísraelsk stjórnvöld hafa gefið landtökumönnum leyfi til að reisa byggingar með 1.200 nýjum íbúðum á herteknum svæðum í austanverðri Jerúsalemborg og á Vesturbakkanum.

Aðeins fáir dagar eru þangað til friðarviðræður Ísraela og Palestínumanna, sem legið hafa niðri í fimm ár, eiga að hefjast á ný í Jerúsalem eftir eindregna hvatningu frá John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

Múhamed Shtajed, samningamaður Palestínu, segir þessa ákvörðun sanna að Ísraelum sé engin alvara með friðarsamningum.

Ísraelar standa hins vegar fast á sínu: „Ekkert ríki má láta önnur ríki skipa sér fyrir um hvar það má byggja og hvar ekki,“ segir Uri Ariel byggingamálaráðherra í yfirlýsingu.

Árið 1967 hertóku Ísraelar Vesturbakkann, austurhluta Jerúsalemborgar og Gasasvæðið. Palestínumenn gera tilkall til þessara svæða og krefjast þess að landamæri Palestínuríkis miðist við það.

Framkvæmdir landtökumanna á herteknu svæðunum eru meðal þess sem torveldað hefur friðarviðræðurnar. Frá hernáminu 1967 hafa ísraelskir landtökumenn lagt stór svæði undir byggðir sínar og alls búa þar meira en 500 þúsund Ísraelar nú.



**LANDTÖKUBYGGÐ Í AUSTUR-JERÚSALEM** Palestínskur drengur situr í garðinum heima hjá sér en að baki blasir við Har Homa-hverfið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flest ríki heims gagnrýna ísraelsku landtökustefnuna, þar á meðal Evrópusambandið. Það samþykkti nýverið að refsa Ísraelum með því að ísraelskar vörur sem framleiddar eru á herteknu svæðunum verði sérstaklega merktar þannig að neytendur geti greint þær frá vörum sem framleiddar eru innan lögmætra landamæra Ísraels.

Mahmúd Abbas, forseti Palestínustjórnar, neitaði lengi vel að fallast á nýjar viðræður fyrr en Ísraelar hefðu stöðvað allar framkvæmdir landtökumanna.

Hann féll þó frá þessari kröfu eftir að John Kerry fékk Ísraela til að fallast á að láta lausa tugi fanga sem sumir hverjir hafa líf Ísraelsmanna á samviskunni og hefðu að öllum líkindum annars setið í fangelsi til æviloka.

Alls hafa Ísraelar lofað að láta 104 fanga lausa, þar af 26 nú í vikunni.

gudsteinn@frettabladid.is

### ➜ Dregur úr bjartsýni

John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hefur lagt mikla áherslu á að koma friðarviðræðum Ísraela og Palestínumanna af stað á nýjan leik.

Undanfarna mánuði hefur hann ítrekað haldið til Mið-Austurlanda á fundi með ráðamönnum beggja ríkjanna og segist nú gera sér vonir um að viðræðunum geti verið lokið innan níu mánaða með samningi um tveggja ríkja lausn.

Takist það væri það harla óvæntur árangur og jafnframt mikill sigur, bæði fyrir Ísraela og Palestínumenn en einnig fyrir Bandaríkjastjórn.

Tilkynning Ísraela í gær um að leyfðar yrðu 1.200 nýjar íbúðir landtökumanna í austanverðri Jerúsalemborg ýta þó ekki undir bjartsýni á framhaldið.


**Tekjuöflun sem gerir gagn**

Blái naglinn leitar nú til félagasamtaka og íþróttafélaga sem vilja afla sér tekna með sölu Bláa naglans og vinna um leið til góðs.

Blái naglinn stendur fyrir fjáröflunarátaki dagana 13.–27. ágúst og safnar til kaupa á tækjum fyrir LSH sem nýtast við krabbameinsmeðferðir. 20% af söluandvirðinu rennur til söluaðila en afgangurinn til tækjakaupanna.

Skráning og nánari upplýsingar eru á blainaglinn@blainaglinn.is

www.blainaglinn.is

BLÁI NAGLINN




**Á KJÖRSTAÐ** Kjósendur leita að nafni sínu á kjörskrám, sem festar eru upp á veggi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsetakosningar í Malí eftir langvarandi ólgu:

## Keita keppir við Sisse

**MALÍ, AP** Seinni umferð forsetakosninga í Malí var haldin í gær. Þetta eru fyrstu frjálsu kosningarnar eftir átökin sem geisuðu í norðanverðu landinu mánuðum saman á síðasta ári.

Upphaflega átti að halda þessar kosningar á síðasta ári en uppreisnin í norðurhlutanum tafði þau áform.

Frambjóðendurnir tveir eru Ibrahim Búbakar Keita, sem var forsætisráðherra árin 1994 til 2000, og Súmaíla Sisse, fyrrverandi fjármálaráðherra.

Ekki er búist við að úrslitin liggi fyrir fyrr en á föstudaginn næsta. Keita fékk nærri 40 prósent atkvæða í fyrri umferð kosninganna en Sisse tæplega 20 prósent. Forsetans bíða erfið verk, bæði við að reisa við bágborinn efnahag landsins og finna varanlegar lausnir á aðskilnaðardeilunni í norðurhluta landsins.

Það eru hirðingjar af ættbálkum túarega sem hafa áratugum saman gert sér vonir um að geta stofnað sjálfstætt ríki í norðurhlutanum. Á síðasta ári gengu íslamistar tengdir al-Kaída til liðs við uppreisn túareganna. Fyrir bragðið urðu átökin mun harðari.

„Við erum orðin þreytt á átökunum og þeirri óvissu sem við höfum búið við,“ sagði Amara Traore, einn kjósendanna sem flykktust á kjörstað í gær. - gb

# NÝLAGAÐUR PLOKKFISKUR

## - AÐ HÆTTI FISKIKÓNGSINS.



**INNIHALD:**
Ýsa og þorskur. Laukur, Kartöflur, Fiskisoð, Nýmjólk, Salt og Pipar. Smjörbolla (íslenskt smjör og smá hveiti.



**ALLIR SEM KAUPA PLOKKFISKI, FÁ GJÖF FRÁ FISKIKÓNGINUM FÁ GJÖF NÝBAKAÐ RÚGBRAUÐ FRÁ HP SELFOSSI. “HLJÓMAR EKKI ILLA”**

**TILBOÐIÐ GILDIR ÚT VIKUNA.**

**Fiskikóngurinn**
Sogavegi 3 • www.fiskikongurinn.is

Af hverju gefa menn í skyn að styrkir séu mútur?

# Ipaleg umræða

Ekki þurfti að koma nokkrum manni á óvart að Evrópusambandið skrúfaði fyrir IPA-styrkina svokölluðu, sem eiga að búa umsóknarríki undir aðild að sambandinu. Það er rökrétt afleiðing af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að gera formlegt hlé á aðildarviðræðunum við Evrópusambandið. Ríkisstjórnin gefur fyllilega í skyn að í hennar tíð verði Ísland ekki aðildarríki sambandsins og þá hefur skiljanlega lítið upp á sig fyrir ESB að verja fé skattgreiðenda til að aðstoða Ísland við að undirbúa sig fyrir aðild.

Eins og Fréttablaðið sagði frá í síðustu viku verða verkefni sem þegar voru komin af stað kláruð en mörg fyrirtæki, samtök og rannsóknastofnanir sem höfðu fengið vilyrði fyrir IPA-styrkjum og lagt mikla vinnu í undirbúning fá ekki féð sem ráð var fyrir gert. Það veldur skiljanlega vonbrigðum víða, ekki sízt á landsbyggðinni, þar sem gert hafði verið ráð fyrir ýmsum styrkjum, meðal annars til atvinnuþróunar.



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

Við forsætisráðherrann birtist skrýtið viðtal í Ríkissjónvarpinu um helgina, þar sem hann virtist sveiflast á milli þess að kenna Evrópusambandinu um að peningarnir kæmu ekki, af því að Ísland væri jú enn þá umsóknarríki, og að halda því fram að við þyrftum ekkert á styrkjunum að halda. Það hefði verið heiðarlegra af honum að útskýra að það væri vegna ákvarðana hans eigin ríkisstjórnar sem peningarnir koma ekki og svo hefði hann getað rökstutt það með því af það hefði aldrei verið nein þörf á þeim.

Sigmundur Davíð tók líka þannig til orða í viðtalinu að ákvörðun ESB um að skrúfa fyrir styrkina staðfesti að „tilgangur þessara styrkja er að koma landinu inn í Evrópusambandið, ekki að gera það í stakk búið til að taka ákvörðun um hvort það vilji ganga síðar inn eða ekki.“

Þetta er endurtekning á því sem fleiri hafa haldið fram; að ESB reyni að kaupa íslenzka kjósendur til að greiða atkvæði með aðild. Með slíkum málflutningi er bæði gert lítið úr dómgreind kjósenda og horft fram hjá raunverulegum tilgangi styrkjanna. Þeir eru hugsaðir til að undirbúa stjórnsýslu, atvinnulíf og innviði umsóknarríkja fyrir aðild til að draga úr mögulegum vandamálum, árekstrum og töfum eftir að til aðildar kemur.

IPA-styrkirnir hafa verið kallaðir allt mögulegt; til dæmis „glerperlur og eldvatn“ (Ögmundur Jónasson), „siðlausar aðréttur“ (Haraldur Benediktsson) og „fémútur“ og „Trójuhestur gulls“ (Jón Bjarnason).

Það gleymist hins vegar gjarnan hjá andstæðingum ESB-aðildar að skilgreina með sama hætti þá milljarðatugi sem hafa runnið til Íslands úr sjóðum ESB eftir að EES-samningurinn var gerður, til dæmis til vísindasamstarfs, námsmannaskipta eða að snyrta til á Hrafnseyri og gera göngustíga í Geirþjófsfirði. Voru það ekki mútur, til þess ætlaðar að kaupa íslenzka kjósendur?

Eða allir styrkirnir frá Bandaríkjunum, til dæmis til íslenzkra námsmanna og vísindamanna? Eða frá NATO? Eða tengdir norrænu samstarfi?

Hvað er það sem gerir að verkum að þegar hugsanleg aðild Íslands að Evrópusambandinu er til umræðu er eins og umræðan verði nánast sjálfkrafa vitlausari en hún þyrfti að vera, full af rangfærslum og apalegum upphrópunum?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana.
Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Jón ekki ábyrgur

Leikarinn og baráttumaðurinn Stefán Karl Stefánsson telur sig grátt leikinn eftir að hann setti upp sölubás í tengslum við Gleðigönguna í fjáröflunarskyni fyrir Regnbogabörn. Stefán seldi kandífloss fyrir 130 þúsund krónur en kostnaður þýddi 26 þúsund krónur í mínus. Þar vegur stöðugjald til borgarinnar þyngst, 100 þúsund krónur. Stefán Karl vill þó ekki undir nokkrum kringumstæðum gera borgarstjórann Jón Gnarr ábyrgan fyrir þessu, enda væri sérkennilegt að Jón Gnarr væri að svína á Regnbogabörnum – maður sem margoft hefur lýst því hvernig hann sjálfur mátti sæta einelti á barna- og menntaskólaárum sínum.



### Svínarí

Það breytir ekki því að Stefáni Karli finnst þetta svínarí, það kosti engar hundrað þúsund krónur að tengja rafmagnskapal í sölubás sem stuðningsmenn fórnarlamba eineltis reka. Tuttugu þúsund væri nær lagi. Stefán Karl hefur rakið sig um borgarkerfið í leit að svörum og fann einn starfsmann sem var honum algerlega sammála. Því miður var það ekki í hans valdi að fella gjaldið niður eða breyta því. Eftir því sem Stefán Karl kemst næst eru það fjórir einstaklingar sem ráða þessu gjaldi og þeir sitja við skrifborð í Skipholti.



### Einkareknir rafmagnskassar

Þetta ævintýri reyndist upplýsandi. Stefán Karl komst að því að klukkan á Lækjartorgi er leigð Kiwanismönnum en leikarinn fær ekki botn í hvernig hafa megi tekjur af því að reka klukku. Nokkrir rafmagnskassanna við Lækjartorg eru einkareknir og ekki er hægt að tengja eins og eina kandíflossgerðarvél við þá án þess að borga fyrir það 70 þúsund krónur. Þessu hefur Stefán Karl komist að eftir þrjátíu símtöl til að reyna að komast í samband við eina innstungu í miðborginni.

andri@frettabladid.is

## HALLDÓR





# Bjartir í sumarhúsum stjórnmála

STJÓRNMÁL



**Margrét S. Björnsdóttir**

*félagi í Samfylkingunni–jafnaðarmannaflokki Íslands*

Íslenskir vinstra megin við miðju-menn gengu margklofnir til síðustu Alþingiskosninga. Fjölmargir vildu sinn eigin stjórnmálaflokk, rétt eins og Bjartur forðum, sem kaus óbyggilegt heiðabýli frekar en vinnumennsku á betra býli. Í stað málamiðlana um menn og málefni og að freista þess að ná sameinaðir meiri áhrifum fengu þeir sem vildu sinn prívat flokk og sitja þar nú áhrifalausir. Hugsanlega má segja að þeir sem fyrir voru í vinstriflokkunum tveimur hafi ekki haft umburðarlyndi eða visku til að fá þessa óþreyjufullu flokkssprota til samstarfs. Gleymd var sagan um sundrungu vinstri manna á 20. öld eða sigra þegar þeir báru gæfu til að standa saman, eins og í Reykjavíkurlistanum 1994-2006 og við samruna fjögurra smáflokka við stofnun Samfylkingarinnar árið 2000. Gömlu mistökin voru endurtekin undir nýjum formerkjum.

Hægri flokkarnir Framsókn og Sjálfstæðisflokkur rétt mörðu að fá rúman helming atkvæða. Þeir sýndu fljótt sitt rétta eðli: Auðlindaendurgjald lækkað um 10 milljarða, hætt við tímabæra hækkun virðisaukaskatts á hótelgistingar, niðurskurður boðaður á móti og þrengt að námsmönnum með harðari afkastakröfum, sem stjórnvitringur úr Hruninu leiðir ásamt Sjálfstæðismönnum í stjórn LÍN. Aukin pólitísk áhrif á stjórn og dagskrárstefnu RÚV boðuð og margvíslegum þöggunaraðferðum beitt til að menn

**➜ Flokkar vinstra megin við miðju eiga að skoða sem fyrst samstarfsmöguleika í sveitarstjórnarkosningunum ...**

þar haldi sér á réttri pólitískri mottu. Ekkert bólar á efndum kosningaloforða til handa almenningi um skattkerfisbreytingar (Sjálfstæðisflokkur) eða tilfærslur (Framsóknarflokkur), sem áttu að stórlækka höfuðstól íbúðalána. Hvað þá áform Framsóknarmanna um afnám verðtryggingar. Eini ráðherrann sem sýnir viðleitni til að efna kosningaloforð sem nýtast almenningi er Eygló Harðardóttir velferðarráðherra.

Fram undan eru sveitarstjórnarkosningar. Flokkarnir vinstra megin við miðju eiga að skoða sem fyrst samstarfsmöguleika í sveitarstjórnarkosningunum, allt eftir aðstæðum í hverju sveitarfélagi. Hvar er skynsamlegt að bjóða fram saman, mynda kosningabandalög o.s.frv.?

Árið 1985 stofnaði hópur ungs fólks úr Alþýðuflokki, Alþýðubandalagi, Bandalagi jafnaðarmanna og Kvennalista, ásamt vinstrisinnuðum framsóknarmönnum, Málfundafélag jafnaðarmanna, sem hafði að markmiði að þrýsta á samstarf og/eða sameiningu flokkanna. Síðar urðu til Gróska og Röskva sem höfðu svipuð markmið. Er aftur kominn tími slíkra samtaka?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Steldu.net

Í DAG
Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Það er alltaf verið að brjótast inn. Og þrátt fyrir það að alltaf sé verið að reyna að búa til nýjar þjófavarnir og hvernig sem lögreglan reynir þá er eins og sumir þjófar séu alltaf skrefinu á undan og sjái við varnarkerfunum. Maður hlýtur að spyrja sig: Tekur því að vera yfirleitt að standa í því að koma í veg fyrir innbrot? Á fólk ekki bara að að sætta sig við það að innbrot eru komin til að vera – þetta er víst framtíðin – og hafa bara opið?

Það er alltaf verið að brjótast inn í bíla og stela þaðan útvörpum og geislaspilurum. Lögreglan nær einungis að upplýsa örlítið brot af slíkum innbrotum og áleitin spurning hvort yfirleitt taki því að gera sér rellu yfir þeim. Þetta er víst framtíðin. Svona er lífið og réttast að hafa bara bílana ólæsta.

Og hvað er annars eign? Eru ekki lög um eignarréttinn löngu úrelt og miðuð við allt annað samfélag? Verðum við ekki að fara að koma okkur út úr þessum forneskjuviðhorfum og til nútímans?

Þannig má velta fyrir sér röksemdum þeirra sem aðhyllast frjálst niðurhal á kvikmyndum, tónlist og bókum. Í fyrsta lagi, segja þau, er vonlaust að koma í veg fyrir meirihlutann af þessu. Í öðru lagi er það forneskja að neytandinn geti ekki sjálfur náð sér í þann varning sem hann hefur áhuga á undir eins og honum þóknast. Og í þriðja lagi er höfundarrétturinn úreltur.

Þetta eru falsrök. Það að erfitt sé að koma alls staðar með lögregluaðgerðum í veg fyrir einhverja mannlega iðju getur aldrei táknað að samfélagið eigi þar með að fallast á hana. Boð og bönn samfélagsins snúast ekki fyrst og fremst um glæpi og refsingu heldur öllu fremur um sjálfsmynd samfélagsins og sjálfsmynd þeirra einstaklinga sem það mynda – rétt og rangt – almennt siðferði. Er ég manneskja sem getur lifað með því að taka réttmæta eign annarra? Erum við samfélag sem getur lifað með því að líða ránskap?

Það að tæknilega sé mögulegt að gera eitthvað gerir það ekki sjálfkrafa æskilegt. Það að mig langi í eitthvað táknar ekki sjálfkrafa að mér beri að fá það fyrirhafnarlaust.

### Neytandinn über alles

Þegar ég sæki mér bíómynd á síðuna deildu.net, sem af stolti auglýsir að hún bjóði nú upp á íslenskt efni, þá er ég ekki bara að taka það ófrjálsri hendi sem mér ber að borga fyrir heldur er ég líka að lýsa því yfir að það fólk sem haft hefur fyrir því að skapa þetta listaverk eigi ekki að fá greitt fyrir vinnu sína. Ég er með þessum gjörningi að lýsa því yfir að matráðsfólkið við gerð myndarinnar eigi ekki að fá greitt fyrir matargerðina, ekki bílstjórarnir sem vinna við gerð myndarinnar, ekki kvikmyndatökufólkið, ekki smiðirnir sem gera leikmyndina, ekki klipparinn, ekki leikstjórinn, ekki leikararnir, ekki þau sem finna tökustaðina, ekki handritshöfundurinn – enginn. Þau hafa – segi ég með þessum gjörningi – engan rétt á launum fyrir vinnu sína: ég hef allan réttinn mín megin vegna þess að ég er nefnilega neytandi.

Hið sama gildir um bókagerð og öll afleiddu störfin sem hljótast af iðju skáldsins og hið sama gildir um tónlistina: réttur neytandans til að njóta listarinnar er samkvæmt þessum þankagangi æðri rétti listamannsins til að fá greitt fyrir vinnu sína. Heill stjórnmálaflokkur hefur verið stofnaður utan um þessi mikilsverðu réttindi þess sem situr með hendur í skauti heima í stofu og bíður eftir því að vera skemmt, og kennir sig af stolti við iðju sjóránsmanna fyrri alda og talar í nafni framtíðarinnar. Kallar sig Bófaflokk nema öll gengur sú stigamennska út á að hafa kaupið af fátækum listamönnum.

### „Þjónustuvandi“

Þess háttar ránskap sem kenndur er við sjórán hefur af talsmönnum hans verið lýst sem „þjónustuvanda“ og reynt að láta líta svo út sem stórfelldur þjófnaður á mynd Baltasars, Djúpið, sé fyrst og fremst því að kenna að dreifingarfyrirtæki hans hafi ekki staðið sig í stykkinu við að gera myndina aðgengilega á netinu. Það má vera að eitthvað sé hæft í því og kannski er undarlegt að ekki sé til síða þar sem hægt er að gerast áskrifandi að íslenskum bíómyndum, en þetta eru líka falsrök og í raun réttlæting á þeirri iðju að stela því sem manni ber ekki.

Segjum sem svo að ég búi til afar eftirsóknarverðan lakkrís en sé latur við að koma honum á markað. Einhver neytandi er

Er ég manneskja sem getur lifað með því að taka réttmæta eign annarra? Erum við samfélag sem getur lifað með því að líða ránskap? Það að tæknilega sé mögulegt að gera eitthvað gerir það ekki sjálfkrafa æskilegt. Það að mig langi í eitthvað táknar ekki sjálfkrafa að mér beri að fá það fyrirhafnarlaust.

svo hrifinn af þessum lakkrís að honum finnst eins og hann sé jafnvel á sínum vegum og getur ekki á sér heilum tekið nema fá hann. En þegar hann kemur að tómum hillum stórmarkaðanna er ekki þar með sagt að hann geti bara vaðið inn á lager til mín og sótt sér lakkrís, jafnvel þótt ég geti kannski ekki komið í veg fyrir það og hafi ákaflega sérviskulegar og forneskjulegar hugmyndir um það hvernig lakkrísinn skuli markaðssettur. Þetta er minn varningur, ég bjó hann til, ég stjórna því hvernig hann er á boðstólum.

Kannski verður ekki komið í veg fyrir það að fólk hali niður bíómyndum, tónlist og bókum sem annað fólk hefur haft fyrir því að skapa. En það er óþarfi að gera slíkan stuld að dyggð.

## AF NETINU

### Peningaprentun

Ég velti því fyrir mér hvort almenningur myndi sætta sig við það að einkabönkum væri leyft að búa til peningaseðla að vild. Líklega myndu fáir sætta sig við það. Samt er bönkum leyft að búa til innstæður að vild, innstæður sem við notum í staðinn fyrir peningaseðla. Afleiðingar af þessu fyrirkomulagi eru býsna alvarlegar: Óstöðugt peningakerfi, viðvarandi verðbólga, þyngri vaxtabyrði allra í þjóðfélaginu og skuldir ríkissjóðs eru hundruðum milljarða hærri en annars væri. Myndi almenningur ekki krefjast umbóta ef hann vissi hvernig þessu er háttað?

**frosti.is**
*Frosti Sigurjónsson*

### Kynjaskipt klósett

Ég lít svo sem ekki á kynjaskipt klósett sem stórt vandamál en mér finnst allt í lagi að við höfum í huga að þótt manneskjur skiptist mjög greinilega í þessa hópa, karla og konur, þá er ekkert hægt að beita tölfræði á einstaklinga. Við getum skipt fólki í hópa 1.000 karla og 1000 kvenna og pikkað út einn einstakling úr hvorum hópi. Góðar líkur eru á því að við fáum gagnkynhneigða konu sem notar stundum andlitsfarða og kýs starfsvettvang í grein þar sem konur eru í meirihluta og gagnkynhneigðan karl sem aldrei klæðist kjól og getur borið þyngri byrði en konan. En við gætum líka fengið manneskju sem er að ganga í gegnum kynskiptaaðgerð eða manneskju með typpi sem gengur í kjól og skilgreinir sig ekki út frá þessum tveimur hópum.

**blog.pressan.is/evahauks**
*Eva Hauksdóttir*



## MERKISATBURÐIR

**1492** Kristófer Kólumbus finnur Kanaríeyjar.

**1812** Sótthreinsandi efni eru notuð í skurðaðgerð í fyrsta sinn.

**1972** Síðustu bandarísku landherdeildirnar yfirgefa Víetnam.

**1952** Hussein ibn Talal er krýndur Jórdaníukonungur.

**1957** Fyrstu stöðumælarnir á Íslandi eru teknir í notkun.

**1981** IBM kynnir PC-tölvuna og PC-DOS stýrikerfið.



**ÞETTA GERÐIST:** 12. ÁGÚST 1957

## Stöðumælar settir upp í Reykjavík

Á annað hundrað stöðumæla voru settir upp þennan dag í miðbæ Reykjavíkur árið 1957. Í grein í Vísi sem birtist 19. ágúst 1957 segir frá því þegar stöðumælarnir voru tæmdir í fyrsta sinn, klukkan hálf níu á laugardagsmorgni. Þá höfðu safnast í þá í kringum 7.500 krónur í krónupeningum. Í greininni er haft eftir lögregluþjónum að göturnar þar sem stöðumælunum hafði verið komið fyrir hefðu tæmst af bílum.

Þá var þegar á áætlun að fjölga stöðumælum upp í 274 í miðborg Reykjavíkur. Við flestar götur var gjaldið ein króna fyrir 15 mínútur og tvær krónur fyrir hálftíma, sem var hámarkstími. Við Kirkjutorg, Hótel Ísland í Austurstræti og á horni Tjarnargötu og Kirkjustrætis var gjaldið helmingi lægra og hægt að greiða fyrir allt að tvo tíma í einu en þar voru svokölluð bílastæðistorg.

**Heimild: wikipedia.org, timarit.is**



# Margslungnir útgáfutónleikar Ólafar

**Ólöf Arnalds og Skúli Sverrisson munu leika á tónleikum í Fríkirkjunni í Reykjavík á miðvikudagskvöld ásamt hljómsveitinni Vök sem gaf nýverið út sína fyrstu plötu.**

„Ég fór á tónleika með Sing Fang Bous og Aamiinu í Fríkirkjunni fyrir stuttu og varð rosalega hrifin af þessum stað. Ég var búin að gleyma hvað Fríkirkjan er góður staður til að spila á. Ási í Smekkleysu stakk upp á því að ég héldi útgáfutónleikana mína þarna. Stemmningin í lögunum er þannig að þau passa vel við umhverfi kirkjunnar," segir söngkonan Ólöf Arnalds þegar hún er spurð út í valið á tónleikastaðnum, en hún heldur útgáfutónleika ásamt Skúla Sverrissyni í Fríkirkjunni á miðvikudag.

Söngkonan er á leið í stutta tónleikaferð um Evrópu til að fylgja eftir breiðskífunni Sudden Elevation, sem kom út hjá breska útgáfufélaginu One Little Indian í febrúar. Platan var tekin upp af Skúla í sumarbústað í Hvalfirði. „Platan kom út í febrúar síðastliðnum en ég fann að ég var orðin þreytt eftir tónleikaferðalög síðustu plötu og þurfti að kjarna mig. Ég fór rólega af stað en er komin með krafta núna. Platan hefur fengið frábæra dóma erlendis og mikla athygli en núna er komið að því að fylgja henni almennilega eftir. Í ágúst fer ég til Evrópu og spila þar á nokkrum stöðum. Ferðinni er svo heitið til Bandaríkjanna í október," segir Ólöf og bætir við: „Nýja platan er líka öll á ensku. Móðir mín er fædd í Englandi og enskan er tungumál sem hefur alltaf verið mjög nálægt mér. Mér hefur einnig fundist þetta mikil áskorun, að semja á öðru tungumáli."

Skúli mun leika eigin lög sem og með Ólöfu, en þau hafa starfað saman undanfarin ár og lagt hvort öðru lið við tónlistarsköpun ýmiss konar. Síðasta verk Skúla kom út síðastliðið haust en það var The Box Tree, samvinnuverkefni Skúla og Óskars Guðjónssonar. Hljómplatan hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem plata ársins í flokki djass og blús. Söngkonan lýsir samstarfi sínu og Skúla sem góðu, enda hafa þau unnið saman í tólf ár. „Við Skúli erum búin að vinna saman í tólf ár en í þetta skiptið vorum við mikið saman og tónlistin er margslungnari en áður. Við erum búin að túra mikið saman undanfarið og þróa ákveðna tegund af samspili. Lögin sem við ætlum að spila eru þróaðri en oft áður og á tónleikunum ætlum við að taka lög sem við höfum verið að spila á tónleikaferðalögum undanfarið."

Sudden Elevation hefur fengið glimrandi dóma erlendis og í gagnrýni tónlistartímaritsins Mojo er rödd Ólafar sagt svipa til Nico á sólríkum degi. Tónlistartímaritið Clash gefur plötunni einnig átta af tíu í einkunn.

Tónleikarnir hefjast stundvíslega klukkan 20.30 á miðvikudag.

asa@365.is



**SPILAR Á MIÐVIKUDAG** Söngkonan Ólöf Arnalds kemur fram á tónleikum í Fríkirkjunni á miðvikudag ásamt Skúla Sverrissyni og Vök.

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGURÐUR ÞÓRÐUR INGIMAR EYJÓLFSSON**

**fyrrverandi framkvæmdastjóri**
**Ársölum 1, Kópavogi,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 5. ágúst síðastliðinn. Útförin fer fram frá Digraneskirkju í Kópavogi miðvikudaginn 14. ágúst kl. 13.00.

**Guðrún Agnars Jónsdóttir**
**Jón Sigurðsson** | **Hafdís Mjöll Búadóttir**
**Eyjólfur Sigurðsson** | **Ágústa Harðardóttir**
**Baldur Sigurðsson** | **Chipo Sigurðsson**
**Torfhildur Sigurðardóttir**
**og fjölskyldur þeirra.**

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÓLAFUR EINAR JÚNÍUSSON**

**Háaleitisbraut 111,**

lést 28. júlí á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Árdís Erla Bragadóttir**
**Sólveig Ólafsdóttir** | **Bragi K. Guðmundsson**
**Bragi Ólafsson** | **María Finnsdóttir**
**Júníus Ólafsson**
**og barnabörn.**

†



Ástkær eiginkona, móðir og tengdamóðir,

**SELMA JÓNSDÓTTIR**

**Goðalandi 14,**

lést á Landspítalanum föstudaginn 2. ágúst. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 13. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Fyrir hönd annarra aðstandenda,**

**Baldur Friðriksson**
**Jón Gunnar Baldursson** | **Ingibjörg Sigurðardóttir**
**Fanney Dagmar Baldursdóttir** | **Þráinn Vigfússon**
**Baldur Gautur Baldursson**

WWW.KVEDJA.IS
Útfararstofa
SVAFARS & HERMANNS


571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

# SJÓNMÆLINGAR
## & GLERAUGNAVERSLANIR

**Kynningarblað** Umgjarðir, gler og linsur




Helga Kristinsdóttir ásamt samstarfskonum sínum Dagmar Óskarsdóttur, Eddu Friðfinnsdóttur og Ingunni Láru Ívarsdóttur. MYND/GVA

# Allir eiga góð gleraugu skilið

Gleraugnaverslunin Eyesland býður allt annað verð en áður hefur þekkst hér á landi og eru dæmi um að fólk komi þaðan út með þrenn gleraugu á verði einna. Þar fæst einnig mikið úrval af linsum, meðal annars fyrir fólk með óvenjulega sjón.

Gleraugnaverslunin Eyesland hefur verið starfrækt í Glæsibæ í tæp þrjú ár. Sjóntækjafræðingurinn Helga Kristinsdóttir segir viðtökurnar hafa verið afar góðar. „Já, fólk setur það ekki fyrir sig að koma hingað upp á fimmtu hæð, þar sem augnlæknastofan Sjónlag er einnig til húsa, enda erum við að bjóða allt annað verð en þekkst hefur á gleraugum hingað til,“ segir Helga.

Hún segir verðið svipað því sem þekkist í lágvöruverslunum í Bandaríkjunum. „Fólk þarf því ekki að fara til útlanda til að kaupa sér gleraugu lengur.“

Helga segir talsvert um að fólk komi í verslunina með gömul og krumpuð resept sem það hefur ekki lagt í að leysa út af ótta við að þurfa að greiða fyrir þau háar fjárhæðir. „Það gengur síðan jafnvel út með þrenn gleraugu á verði einna; tvískipt gönguglerauga, lesgleraugu og sólgleraugu með styrk.“

Helga segir að ákveðið hafi verið að fara nýjar leiðir í vöruvali. „Við leitum mikið til Bandaríkjanna og Asíu en höfum þó líka verið að bæta inn merkjavörum eins og Ray Ban og Reykjavík Eyes.“

Í versluninni er að finna allar gerðir gleraugna og er til að mynda hægt að fá sólgleraugu og ýmiss konar íþróttagleraugu með styrk án þess að það teljist til munaðar. Þá hafa tölvugleraugu verið að sækja í sig veðrið. „Fólk sem er komið yfir fertugt þarf oft stækkun við tölvuna en styrkurinn er ekki endilega sá sami og á lesgleraugum. Þá er hægt að fá væga skiptingu þannig að notandinn geti horft afslappað á tölvuskjáinn en engu að síður skoðað eitthvað mjög smátt eða þrætt nál svo dæmi séu nefnd. Við köllum þetta lúxus lesgleraugu en þau geta átt þátt í að létta álag á herðum og þannig dregið úr vöðvabólgu.“

Hjá Eyesland eru vanir sjóntækjafræðingar við störf. „Við bjóðum upp á sjónmælingar og mikið úrval af linsum,“ segir Helga en hún hefur sérhæft sig í linsum fyrir fólk með óvenjulega sjón og erfið augu. „Þetta getur verið fólk með háan styrk, mikla sjónskekkju og óreglulegar hornhimnur. Þá er hægt að fá margskiptar linsur sem gagnast þeim sem þurfa lesgleraugu með linsum.“

Verslunin er opin alla virka daga frá 8.30 til 17.






Hjónin Erla Magnúsdóttir og Sigurður Óli Magnússon sjónfræðingar hafa rekið Ég C í Hamraborg 10 í Kópavogi í sautján ár. Rúna Gerður Stefánsdóttir starfar við hlið þeirra sem ráðgjafi og sölukona. MYND/ÉG C

# Traust og góð þjónusta í 17 ár

Gleraugnaverslunin Ég C í Hamraborg 10 í Kópavogi fagnar sautján ára starfsafmæli um þessar mundir. Verslunina stofnuðu hjónin og sjónfræðingarnir Erla Magnúsdóttir og Sigurður Óli Sigurðsson með gæði og gott úrval að leiðarljósi.

Hjónin Erla Magnúsdóttir og Sigurður Óli Sigurðsson stofnuðu Gleraugnaverslunina Ég C þann 9. ágúst árið 1996 en þau eru bæði menntaðir sjónfræðingar. Verslunin fagnar því sautján ára starfsafmæli um þessar mundir og segir Erla faglega þjónustu hafa verið hafða að leiðarljósi frá upphafi.

„Við höfum alltaf lagt mikla áherslu á góða þjónustu. Í maí 2001 hóf störf hjá okkur Rúna Gerður Stefánsdóttir, ráðgjafi og sölukona, en hún hefur gott auga fyrir því hvað klæðir hvern og einn," segir Erla. „Við bjóðum ávallt bestu fáanlegu gler sem í boði eru hverju sinni á sanngjörnu verði og einnig allar nýjustu umgjarðirnar. Við förum á sýningar í París, Mílanó eða München og fylgjumst vel með. Erlendir samstarfsaðilar okkar eru einungis í samstarfi við trausta og áreiðanlega aðila," segir Erla.

## Fjölbreytt úrval og gæðaþjónusta

„Við leggjum áherslu á fjölbreytt úrval af umgjörðum og þá ekki síður fyrir börn," segir Erla. „Við erum þekkt fyrir hvað glerin frá okkur eru í miklum gæðum en við hjónin tókum strax ákvörðun um að bjóða einungis upp á úrvalsgler og -umgjarðir í versluninni. Ástæða þess að við verslum bara með hágæðagler er sú að upplifun fólks með slík gler er öll önnur en með einfaldari glerjum. Sjónsviðið á margskiptum glerjum til dæmis er miklu breiðara, bjögun er mun minni og þá skiptir endingartíminn á glerjunum miklu máli, það er hversu lengi þau eru rispulaus. Einfaldari gler eru oft með lélega ef nokkra rispuvörn sem gerir það að verkum að þau verða fljótlega mött.

Við getum afgreitt samdægurs öll hefðbundin gleraugu; göngu-, les- eða tölvugleraugu, með úrvalsglerjum sem við eigum á lager."

## Sjónmælingar og linsur

Allar sjónmælingar eru framkvæmdar í versluninni með fyrsta flokks tækjum og áhersla lögð á að hver viðskiptavinur fái góðan tíma.

„Þarfir fólks eru mismunandi og því hlustum við eftir hverju fólk er að leita og framkvæmum mælingu í samræmi við það," segir Erla. „Það getur verið vandaverk að aðstoða fólk við að velja gleraugu til næstu ára og höfum við í Ég C alltaf lagt höfuðáherslu á að viðskiptavininum líði vel hjá okkur og að hver og einn fái þann tíma sem þarf til að útkoman verði fyrsta flokks. Við framkvæmum sérhæfðar sjónmælingar fyrir íþróttafólk, til dæmis fyrir skotfimi og aðrar íþróttir.

Hjá okkur mátar viðskiptavinurinn allar tegundir af linsum en við erum í samstarfi við þekktan framleiðanda sem afgreiðir allar helstu linsutegundir fljótt og örugglega. Þar fyrir utan erum við ávallt með góðan lager af linsutegundum."

## Polaroid-gler og sólgleraugu

„Við hjá versluninni Ég C höfum frá byrjun boðið upp á fyrsta flokks polaroid-gler fyrir veiðimenn og látið sérframleiða þau fyrir okkur í sérstökum ljósgulgrænum lit sem hentar vel aðstæðum hérlendis, enda fáum við veiðimenn hvaðanæva að af landinu sem og erlendis frá. Mikil aukning hefur orðið á því að viðskiptavinir okkar fái sér sólgleraugu með sjónstyrk, hvort sem er með einföldum styrk eða margskiptum. Við erum með mjög gott verð á þess konar sólgleraugum.

Við erum þekkt fyrir að bregðast skjótt við óskum okkar viðskiptavina og afgreiða öll hin ólíkustu mál sem hingað koma hratt og örugglega. Við viljum að viðskiptavininum líði vel hjá okkur og gangi út með bros á vör."

*Frábær tilboð í tilefni 17 ára afmælis Ég C*

**Skólatilboð**

**Umgjörð og gler**
(hert plast með glampavörn) verð frá 19.900 krónum.

**Daglinsur**
Verð frá 2.500 krónum pakkinn.

*Ýmis önnur tilboð í tilefni afmælisins. Sjón er sögu ríkari.*



Allar sjónmælingar eru framkvæmdar í versluninni með fyrsta flokks tækjum og áhersla lögð á að hver viðskiptavinur fái góðan tíma. MYND/ÉG C




Öll hefðbundin gleraugu eru afgreidd samdægurs.



## FABÚLA SYNGUR Í MR

**Margrét Kristín Sigurðardóttir, Fabúla, heldur tónleikaröð í þjóðfundarsal Menntaskólans í Reykjavík í kvöld kl. 20. Tónleikarnir eru sviðsettir af Snorra Frey Hilmarssyni og myndskreyttir af Helenu Harsitu Stefánsdóttur og Arnari Steini Friðbjarnarsyni. Næstu tónleikar eru á miðvikudag á sama tíma en alls verða þeir sex.**

# ÍSLENSK HÖNNUN SÝND Í FÆREYJUM

**HÖNNUN** *Verslunin Kraum er komin í samstarf við færeysku verslunina Østrøm til að kynna hönnun landanna tveggja. Sýning á íslenskri hönnun stendur nú yfir í Færeyjum og á næsta ári verður færeysk hönnun sýnd hér.*

Poul Clements, frá Østrøm, kom hingað til lands og orðaði við mig að halda sýningu á íslenskri hönnun í Færeyjum. Hann hitti bæði mig og Höllu Helgadóttur hjá Hönnunarmiðstöð Íslands og úr varð að við völdum vörur eftir tíu íslenska hönnuði sem Poul fór með út,“ segir Halla Bogadóttir, eigandi hönnunarverslunarinnar Kraums í Aðalstræti. Verslunin er komin í samstarf við færeysku hönnunarverslunina Østrøm í Þórshöfn um að kynna hönnun landanna tveggja. Kraum mun kynna færeyska hönnun á HönnunarMars á næsta ári.

Sýningin í Østrøm er sett upp í tilefni Ólafsvökunnar í Færeyjum en þá leggja margir leið sína til eyjanna. Østrøm er til húsa í gömlu vöruhúsi við höfnina sem búið er að gera upp og segir Halla íslensku vörurnar hafa fengið góðar viðtökur.

„Poul selur eingöngu færeyska hönnun í versluninni en langaði að kynna íslenska hönnun í Færeyjum og ef vel gengi að selja hana í versluninni hjá sér. Við völdum því vörur sem eru í framleiðslu svo hægt væri að anna eftirspurn og þær virðast falla vel í kramið,“ segir Halla.

Kraum hefur áður sýnt og selt íslenska hönnun erlendis en Halla segir það eitt af markmiðum Kraums að kynna íslenska hönnun sem víðast.

„Við viljum standa með íslenskum hönnuðum. Við settum til að mynda upp litla verslun með íslenska hönnun í Frankfurt fyrir tveimur árum, þegar Ísland var heiðursþáttakandi í bókamessunni þar. Íslensk hönnun vekur athygli. Þeir erlendu gestir sem koma hingað í búðina til okkar hafa orð á því hvað þetta sé sérstök hönnun. Það er eins og íslenskir hönnuðir séu frjálsari en til dæmis hönnuðir í Skandinavíu. Það blása kannski fleiri vindar um Ísland og eins er hönnunarsaga okkar svo ung. Það er ekki nema rúmur áratugur sem við höfum menntað okkar hönnuði hér heima en fram að því fór fólk utan til náms og kom heim með strauma alls staðar að,“ segir Halla.

Sýningin mun standa út ágústmánuð en nánar má forvitnast um hana á Facebook-síðu Østrøm.



**SÝNING Í FÆREYJUM** Halla Bogadóttir, eigandi Kraums, við eitt þeirra verka sem sýnd eru í Østrøm í Færeyjum, borðið Hyrnu eftir Erlu Sólveigu Óskarsdóttur. Á HönnunarMars 2014 verða færeyskar vörur sýndar í Kraumi. MYND/VALLI







Sjálfvirkur hurðaropnunarbúnaður fyrir húsfélög og fyrirtæki ásamt uppsetningu og viðhaldi.

JÁRN&GLER
Járn og gler hf - Skútuvogur 1H
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 5858900 - www.jarngler.is



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447

# TÍMALAUS HÖNNUN ALLTAF Í UPPÁHALDI

***FAGURKERI*** *Kristín Edda hefur sankað að sér fallegum hlutum í gegnum tíðina fyrir búið í framtíðinni.*

Kristín Edda Frímannsdóttir býr hjá foreldrum sínum á Seltjarnarnesi. Hún hefur verið dugleg að safna fallegum hlutum fyrir búið í framtíðinni. „Ég pæli mikið í fallegum hlutum og skoða blöð og blogg um innanhúsarkitektúr. Ég hlakka til að flytja í mína eigin íbúð og breyta öllu eins og ég vil þótt það sé kannski langt í að það sé að fara að gerast, enda var ég að klára framhaldsskóla," segir Kristín sem útskrifaðist úr Menntaskólanum í Reykjavík í vor.

„Draumahúsið mitt verður auðvitað staðsett í miðbænum. Mér finnst gaman að blanda saman gömlu og nýju en mér finnst hús sem eru nýtískuleg að utan alltaf svo flott. Ég er mjög hrifin af Kartell því þar er mikið verið að leika með plast í klassískum stíl sem er líka tímalaus," útskýrir Kristín.

„Það er einn hlutur á óskalistanum hjá mér núna. Það er rauður Eames-stóll sem fæst í Epal," segir hún.

Í herbergi Kristínar er að finna mikið af fallegum hlutum sem hún hefur sankað að sér. Þegar hún var beðin um að velja nokkra sem voru í uppáhaldi vafðist henni tunga um tönn. „Ætli ég verði ekki að segja hreindýrin sem eru handgerð af suðurafrískum konum. Hvert dýr er merkt þeirri konu sem saumaði það. Þegar dýrin eru seld fer peningurinn í að koma börnum kvennanna í skóla. Ég fékk tvö í útskriftargjöf, eitt frá tengdaforeldrum mínum og annað frá vinkonunum.

Kartell-lampinn er líka í miklu uppáhaldi en ég safnaði mér sjálf fyrir honum, enda tímalaus hönnun og ótrúlega flott birtan sem kemur frá honum. Þriðji hluturinn er Kubus-kertastjakinn sem ég fékk í útskriftargjöf frá móðursystrum mínum. Hann er hannaður af Morgens Lassen og mér þykir mjög vænt um hann, enda alltaf flottur þrátt fyrir það hann hafi verið hannaður árið 1962," útskýrir Kristín.

Í sumar var Kristín Edda að vinna sem flokksstjóri í vinnuskólanum á Seltjarnarnesi. Í haust ætlar hún að vinna sér inn pening til þess að ferðast til London og Kína að heimsækja vinkonur sínar.

■ gunnhildur@365.is



**FAGURKERI** Kristín Edda hefur gaman af því að safna að sér fallegum hlutum. MYND/STEFAN







# HEIMSPEKILEGUR ARKITEKTÚR

*Japanski arkitektinn Toyo Ito hlaut Pritzker-arkitektaverðlaunin í ár. Verðlaunin eru þau æðstu í heimi arkitekta.*

Toyo Ito er sjötti japanski arkitektinn sem tekur við Pritzker-verðlaununum síðan þau voru veitt fyrst árið 1979. Fyrstur var Kenzo Tange 1987, Fumihiko Maki árið 1993, Tadoa Ando 1995 og tvíeykið Kazuyo Sejima og Ryue Nishizawa sem hlaut verðlaunin árið 2010.

Ito er 71 árs og starfar í Tókýó. Hann hafði komið til greina sem vinningshafi síðastliðin tíu ár og litið er svo á að verðlaunin nú séu til að heiðra ævistarf arkitektsins.

Því hefur verið haldið fram að verk Ito beri svip af hugmyndum heimspekinga á borð við Munesuke Mita og Gilles Deleuze. Hann vinnur með hugtakslegar hugmyndir og leitast í hverju verkefni við að útvíkka möguleika arkitektúrsins.

■ solveig@365.is



**ARKITEKTINN** Toyo Ito hlaut Pritzker-verðlaunin í ár.



**HVELFING** Hvelfing sem ætluð er til margra nota í Odate í Akita í Japan, 1993-1997. MYND/MIKIO KAMAYA



**BOGADREGIN BYGGING** Tama Art-háskólabókasafnið, 2004-2007. MYND/TOMIO OHASHI



HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS



GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn einelti.
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

LEIÐSÖGUNÁM

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá, sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim, sem áhuga hafa á að læra hverning standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
- Nemendur geta að námi loknu gengið í Leiðsögufélagið -

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna í máli og myndum.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Mannleg samskipti.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðarverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum.
Boðið er uppá dag- og kvöldnám, auk þess sem farið er í vettvangsferðir.

**Umsögn:**
*„Síðasta haust hóf ég leiðsögunám við Ferðamálaskóla Íslands. Námið fór fram úr mínum björtustu vonum. Ég hef ferðast mikið um landið frá barnsaldri, en þrátt fyrir það öðlaðist ég nýja sýn á landið í skólanum. Námið er hnitmiðað og að auki mjög skemmtilegt, reyndar svo skemmtilegt að ég vil helst fá framhaldsnám. Þetta nám kemur mér að miklu gagni í starfi mínu sem kennari og vonandi sem leiðsögumaður í framtíðinni".*



*Martha Jensdóttir kennari.*

Ferðamálaskóli Íslands
**Opið 8-22**
Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

Jóga
***Byrjendanámskeið***
Hefst 13. ágúst
Þri. og fim. kl. 12:00-13:00
Kennari Gyða Dís
Verð kr. 13.900,-



Vekjum upp líkamsvitundina og uppskerum betri líkamsstöðu, aukinn styrk og betra jafnvægi til að takast á við daglegt amstur.

Skráning í síma 560 1010
eða á mottaka@heilsuborg.is

HEILSUBORG
Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

**Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.**
Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is


**Jón Guðmundsson**
Sölustjóri
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is


**Guðmundur Th. Jónsson**
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is


**Guðmundur H. Steinþórsson**
Lögg. fasteignasali
gs@fastmark.is


**Páll Þórólfsson**
Sölumaður
pall@fastmark.is


**Elín D. Wyszomirski**
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is


**Hallveig Guðnadóttir**
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

**VEGNA MIKILLAR SÖLU ÓSKUM VIÐ EFTIR ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM EIGNA Á SKRÁ.**

## 3JA HERBERGJA



**HLÍÐARHJALLI – KÓPAVOGI.**
- Mjög falleg og björt 83,3 fm. endaíbúð á efstu hæð.
- Rúmgóð stofa og tvö rúmgóð herbergi.
- Rúmgóðar svalir til suðvesturs. Fallegt útsýni.
- Góð staðsetning. Stutt í skóla, leikskóla og þjónustu.

**24,9 millj.**

## 4RA- 6 HERBERGJA



**SÖRLASKJÓL - REYKJAVÍK.**
- Glæsileg 90,4 fm. 4ra herbergja útsýnisíbúð.
- Endurnýjað eldhús og baðherbergi. Svalir til suðvesturs.
- Gríðarlega fallegt útsýni. Róleg gata. Stutt í þjónustu.
- Frábær staðsetning niður við sjó.

**34,9 millj.**

## SÉRBÝLI



**BRÆÐRATUNGA- KÓPAVOGI.**
- Virkilega fallegt og vel skipulagt 203,9 fm. endaraðhús.
- Frábær staðsetning í suðurhlíðum Kópavogs.
- 5 herbergi. Samliggjandi bjartar stofur. Sjónvarpsstofa.
- Gróðurhús á baklóð hússins.

**45,0 millj.**

## NÝBYGGING




**LANGALÍNA 33-35 – GARÐABÆ.**
- Glæsilegar 3ja og 4ra herbergja íbúðir.
- Íbúðirnar eru frá 109 fm. upp í 151 fm.
- Eikarinnréttingar í eldhúsi og vönduð tæki.
- Stæði í lokaðri og upphitaðri bílageymslu.



**HALLAKUR- GARÐABÆ**
- Glæsileg 113,0 fm. íbúð á 1. hæð með sér inngangi.
- Rúmgóð og björt stofa. Stórar svalir til suðurs.
- Opið fallegt eldhús. 2 góð herbergi.
- Góð staðsetn. Stutt í skóla og leikskóla.

**34,9 millj.**



**ÁLFASKEIÐ – HAFNAF. 5 HERBERGJA.**
- Falleg 117,4 fm. nokkuð endurnýjuð endaíbúð á jarðhæð.
- Gluggar í þrjár áttir og útgengi á verönd til suðurs.
- Baðherbergi endurnýjað. Auðvelt að breyta borðstofu í fjórða herbergið. 23,7 fm bílskúr.
- Hús í góðu ástandi að utan.

**26,4 millj.**



**ÓLAFSGEISLI- REYKJAVÍK.**
- Stórglæsilegt og afar vandað 240,1 fm. einbýlishús.
- Mikil lofthæð á efri hæð. Stórar stofur. Hjónasvíta.
- Stór og viðhaldslítil hornlóð á frábærum útsýnisstað í
- Húsið er klætt með íslensku líbaríti.

**79,5 millj.**

## 2JA HERBERGJA



**BRÆÐRABORGARSTÍGUR- REYKJAVÍK**
- 80,7 fm. 2ja – 3ja herbergja íbúð á 2. hæð.
- Tvennar svalir, til suðausturs og norðvesturs.
- Samliggjandi borð – og setustofa. Eitt svefnherbergi.
- Laus til afhendingar við kaupsamning.

**25,4 millj.**



**17. JÚNÍTORG – SJÁLANDI GARÐABÆ.**
- Rúmgóð íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri.
- Íbúðin er 120,6 fm. að stærð auk 7,3 fm. sér geymslu.
- Vandaðar eikarinnréttingar og eikarparket á gólfum.
- Sér stæði í bílageymslu. Vestursvalir.

**35,5 millj.**

## Einbýlishús á Eyrarbakka



Fallegt bárujárnsklætt 121,5 fm. einbýlishús á Eyrarbakka. Húsið stendur á 613,2 fm. leigulóð og er byggt árið 1900. Byggt var við húsið árið 2006 á vandaðan hátt og á sama tíma var eldra húsið allt endurnýjað m.a. gler og gluggar, ofnar og raflagnir.

**30,0 millj.**



**HEGRANES- GARÐABÆ.**
- 258,8 fm. einbýlishús með inng. 41,5 fm. bílskúr.
- Frábær útsýnisstaður á sjávarlóð á Arnarnesi.
- Setu- og arinstofa. Borðst. með útgangi á lóð. 4 herbergi.
- Eignarlóð 1.517,0 að stærð.

**99,0 millj.**



**MÁVAHLÍÐ – REYKJAVÍK.**
- Góð 45,6 fm. risíbúð í Hlíðunum.
- Björt stofa. Eitt svefnherbergi. Baðherbergi með sturtu.
- Geymslupláss undir súð. Þvottaherbergi í kjallara.
- Góð staðsetning miðsvæðis í Reykjavík.

**17,3 millj.**



**BÁSBRYGGJA- REYKJAVÍK.**
- Glæsileg 100,0 fm. íbúð á 1. hæð í litlu fjölbýlishúsi.
- Frábær staðsetning við sjávarkambinn. 30,8 fm. bílskúr.
- Opið eldhús. Rúmgóð stofa. 2 herbergi.
- Sjávarútsýni. Þvottaherb. innan íbúðar.

**37,9 millj.**

## SUMARBÚSTAÐIR



**SUMARHÚS Á ÞINGVÖLLUM**

Glæsilega staðsett 60,1 fm. sumarhús í Grafningi, við Hestvíkina, auk tveggja geymslna, 3,8 og 3,9 fermetra og 18,4 fermetra bátaskýlis niður við vatnið, neðst í lóðinni. Sumarhúsið stendur á afar fallegri og gróinni 6.400 fm. útsýnislóð við vatnið.

**30,0 millj.**



**REYKJAVÍKURVEGUR- HAFNARFIRÐI**
- Virðulegt og afar fallegt 275,7 fm. einbýlishús
- Lofthæð efri hæðar tæplega 3 metrar. Arinn í stofum.
- Mjög stór og gróin með steinsteyptum veggjum
- 16,5 fm. bílskúr. Ekið er að húsinu frá Norðurbraut.

**49,9 millj.**




## Hákotsvör - Álftanesi

Mjög fallegt, þó nokkuð endurnýjað og mjög vel staðsett 209,0 fm. einbýlishús með sjávarútsýni við Hákotsvör í Garðabæ. Auk þess er 12 fm. skáli sem nýttur er sem sjónvarpsstofa í dag. Rúmgóðar stofur með sjávarútsýni og fallegum arni. Eldhús með fallegum hvítum innréttingum. Fjögur herbergi. Verönd með skjólveggjum og heitum potti. Innkeyrsla og stéttar fyrir framan húsið eru nýlega hellulagðar og með hitalögnum. Húsið stendur á 1.155 fermetra gróinni lóð með fallegu sjávarútsýni. **49,9 millj.**




## Selbraut – Seltjarnarnesi.

Glæsilegt og nánast algjörlega endurnýjað 302,3 fm. einbýlishús. Nýtt þak með zinki er á húsinu og húsið var málað að utan árið 2012. Að innan hefur húsið allt verið endurnýjað á sl. 15 árum og er í mjög góðu ástandi. Sérsmíðaðar innréttingar í eldhúsi. Bjartar stofur. 7 herbergi. Massívt parket á gólfum og vandaðar innréttingar og tæki. Lóð hússins er öll nýlega endurnýjuð með stórri hellulagðri og afgirtri skjólgóðri lóð til suðurs með heitum potti.

## *SÉRBÝLI*



**MÝRARÁS – REYKJAVÍK**

- Fallegt 255,7 fm. einbýlishús að meðt. 46,5 fm. bílskúr í Seláshverfi.
- Byggt var við suðvesturhlið hússins fyrir nokkrum árum síðan.
- Nýlegar innréttingar í eldhúsi. Stofur með arni. 5 herbergi.
- Ofan á þaki viðbyggingar er útsýnisverönd /svalir.

**77,0 millj.**



**VÍÐIGRUND – KÓPAVOGI**

- Nánast algjörlega endurnýjað 126,2 fm. einbýlishús á frábærum stað.
- Húsið hefur allt verið endurnýjað að innan á sl. árum og er í mjög góðu ástandi.
- Stór og björt stofa. Þrjú herbergi.
- Ræktuð og skjólgóð lóð. Verönd til suðurs og vesturs.

**50,0 millj.**



**SIGURHÆÐ – GARÐABÆ**

- Fallegt og vandað 292,0 fm einbýli að meðt. 44,0 fm. bílskúr.
- 840 fm. skjólgóð lóð með afgirtri verönd og heitum potti.
- Endurnýjað eldhús og baðherbergi. Arinn í stofum. 5 herbergi.
- Frábær staðsetning í góðu göngufæri við skóla.

**84,9 millj.**



**ÆGISGRUND- GARÐABÆ.**

- 224,0 fm. einbýli á þremur pöllum að meðt. 54,4 fm. bílskúr.
- Í dag nýtt sem tvær íbúðir, en auðvelt að breyta aftur í eina.
- Stór og skjólgóð viðarverönd til suðurs með heitum potti.
- Frábær staðsetning. Stutt í skóla og aðra þjónustu.

**45,0 millj.**

## *4RA- 6 HERBERGJA*



**KLAPPARSTÍGUR**

- Glæsileg 176,2 fm. útsýnisíbúð á tveimur efstu hæðum.
- Sér stæði í bílageymslu. Þrennar svalir til norðurs, austurs og suðurs.
- Glæsilegar stofur. Sjónvarpsstofa með gólfsíðum gluggum.
- Mikil lofthæð er á efri hæð. Stórkostlegt útsýni út á sundin.



**SOGAVEGUR-REYKJAVÍK. EFRI SÉRHÆÐ**

- 122,9 fm 3ja – 4ra herbergja efri sérhæð auk bílskúrs.
- Afar vel innréttuð eign. Sérsmíðaðar innréttingar.
- Samliggjandi stofur. 2 herbergi. 2 baðherbergi.
- Extra háar innihurðir. Halogenlýsing. Eikarparket og flísar.



**HÖRGSHLÍÐ – REYKJAVÍK. EFRI SÉRHÆÐ**

- Virkilega falleg sérhæð í tvíbýlishúsi á frábærum stað.
- Stofur með aukinni lofthæð. 4 herbergi.
- Stórar svalir til suðvesturs. Bílskúrsréttur.
- Stór lóð við opið svæði. Stutt í alla þjónustu og skóla.

**49,2 millj.**



**STANGARHOLT - REYKJAVÍK. 5 HERBERGJA ÍBÚÐ**

- 5 herbergja 123,6 fm. íbúð á 2. hæð miðsvæðis í Reykjavík.
- Íbúðinni fylgir 20,4 fm. bílskúr og sér geymsla í kjallara.
- Íbúðin er vel innréttuð. Allar innréttingar eru úr beyki.
- Flísalagðar svalir út af stofum til suðvesturs.

**39,9 millj.**

## *EFRI SÉRHÆÐ*



**FELLAHVARF – KÓPAVOGI. EFRI SÉRHÆÐ.**

- Mjög vönduð vel skipulögð 119,6 fm. 3ja - 4ra herb. efri sérhæð.
- Íbúð sem er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt.
- 2 herbergi í dag en auðvelt að bæta 3ja herberginu við.
- Frábær útsýnisstaður við Elliðavatn.

**39,9 millj.**

## *ATVINNUHÚSNÆÐI*



**CUXHAVENGATA – HAF.. SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI**

Glæsilegt skrifstofuhúsnæði á 2. hæð samtals að gólffleti 63,5 fm. Um er að ræða tvo aðliggjandi eignarhluta sem seljast saman eða sitt í hvoru lagi. Eignarhlutarnir eru annars vegar 28,7 fm. **5,5 millj.** og hins vegar 34,8 fm. **6,7 millj.** Lyfta er í húsinu. Lóðin er malbikuð og frágengin. Fjöldi bílastæða.



**MÖRKIN – RVK. VERSLUNAR- OG IÐNAÐARHÚSN.**

Mjög mikið endurnýjað 1167,8 fermetra verslunar- og iðnaðarhúsnæði í á frábærum stað með miklu auglýsingargildi, góðri aðkomu og fjölda bílastæða. Ný gólfefnio og nýmáluð. Verslunarhæðin er 314,0 fm. og kjallari er 854,0 fm. lager með tvennum innkeyrsludyrum og rúmlega 4 metra lofthæð. Húsið að utan er í góðu ásigkomulagi og lóðin er fullfrágengin og malbikuð með fjölda bílastæða. Mögulegt er að fá keyptan lager á kostnaðarverði, sem og rekstur sem í eigninni er í dag.



**LÓNSBRAUT – HAFNARFIRÐI.**

- 175,0 fm iðnaðarhúsnæði.
- Stór salur með góðri lýsingu og innkeyrsludyrum.
- Afhending getur verið fljótlega.
- Vel staðsett á hafnarsvæðinu í Hafnarfirði.

**24,0 millj.**




## *Espilundur- Garðabæ.*

Mjög fallegt 138,8 fermetra einbýlishús á einni hæð auk 43,7 fermetra bílskúrs á 972,0 fermetra ræktaðri og mjög fallegri lóð á góðum stað í Lundunum í Garðabæ. Húsið hefur alla tíð fengið gott viðhald og hefur verið endurnýjað að hluta. M.a. er nýtt gler og gluggalistar í húsinu, gólfefni nýleg að stórum hluta og hús að utan er í góðu ástandi með nýlegu þakjárni. Samliggjandi rúmgóðar stofur. Fjögur herbergi. Hellulögð verönd til suðurs og hellulögð stétt og innkeyrsla fyrir framan húsið. **Verð 56,9 millj.**




## *Grjótagata- Reykjavík.*

Stórglæsilegt og algjörlega endurbyggt einbýlishús í Grjótaþorpinu. Suðursvalir útaf stofum með stiga niður á glæsilega 262,0 fermetra eignarlóð. Hiti er í stéttum við húsið. Í húsinu er þegar leyfi fyrir gistiheimilisrekstri og allt innbú til rekstarins fylgir. Húsið var allt endurbyggt í upprunalegum stíl árið 1999 og hefur fengið verðlaun Borgarstjóra Reykjavíkurborgar fyrir endurbætur á eldra húsi. Húsið er byggt árið 1890 af Bjarna Jónssyni, snikkara. **Verð 69,9 millj.**

# EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

Frá 1957 Sala fasteigna í 55 ár

Elsta starfandi fasteignasala landsins

Félag Fasteignasala



Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali · Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali · Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali · Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali · Geir Sigurðsson, lögg. fasteignasali · Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. leigumiðlari, lögg. fasteignasali · Magnús Geir Pálsson, sölumaður · Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali · Gunnar Helgi Einarsson, lögg. fasteignasali · Reynir Björnsson lögg. fasteignasali · Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri · Elín Þorleifsdóttir, ritari · Anna M. Sigurðardóttir, ritari · Guðrún Magnea Árnadóttir, ritari

## KÓPAVOGSBARÐ 5
### - PARHÚS.




Glæsilegt frábærlega staðsett 266,2 fm parhús á tveimu hæðum með innbyggðum bílskúr við Kópavogsbarð í Kópavogi. Eignin er björt og fallega hönnuð og klædd með álklæðningu. Falleg gluggasetning er í húsinu og góð lofthæð á efri hæð sem gefur húsinu skemmtilegt yfirbragð. **Eignin verður sýnd mánudaginn 12.ágúst milli kl. 17:30 og kl. 18:00.** **V. 79,5 m.** 3034

## HRINGBRAUT 82
### - EFRI HÆÐ M.AUKAHERB.




Falleg einstaklega vel skipulögð íbúð á 2.hæð (efri) í fallegu fjölbýlishúsi í vesturbæ Reykjavíkur. Hæðin er 3ja herbergja ásamt aukaherbergi í kjallara. Tvö svefnherbergi og rúmgóð stofa. Parket. Eldhús með vandaðri eldri innréttingu og innb. uppþvottavél og ísskáp. Íbúðin er laus strax. **Eignin verður sýnd mánudaginn 12.ágúst milli kl. 17:15 og kl. 17:45.** **V. 20,9 m.** 3062

## LINDARSEL 9
### - GLÆSILEGT 2JA HÆÐA EINBÝLI.




Frábærlega staðsett og rúmgott 353,6 fm einbýlishús í Seljahverfi með fallegu útsýni yfir borgina. Innbyggður bílskúr, ca 100 fm 3ja herbergja aukaíbúð með sér inngangi og frístandandi sólhýsi í garðinum með heitum potti. Garður snýr til suðurs og er fallegur. Sunnan við húsið er grænt svæði. **Eignin verður sýnd þriðjudaginn 13. ágúst milli kl. 17:30 og kl. 18:00.** **V. 64,7 m.** 3019

## BOGAHLÍÐ 7-9 0101
### - MIKIÐ ENDURNÝJUÐ




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE WAY WAY BACK | 6, 8, 10.10 | 12 |
| ONLY GOD FORGIVES | 10.10 | 16 |
| STRUMPARNIR 2 | 3.50 3D | L |
| STRUMPARNIR 2 | 3.50, 6 2D | L |
| GROWN UPS 2 | 6, 8 | L |
| R.I.P.D. | 8 3D | 10 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN | 3.50 2D | L |
| THE HEAT | 10 | 12 |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is
BRUCE WILLIS ÁSAMT HEILU HERLIÐI AF LEIKURUM ERU FRÁBÆR Í ÞESSARI MÖGNUÐU GRÍN/SPENNUMYND
THE BEST NEVER REST
„JAFNVEL SKEMMTILEGRI EN FYRRI MYNDIN“ CHICAGO SUN-TIMES
RED 2
“STATHAM ROCKS AS A VIGILANTE WITH A HEART IN THIS POWERHOUSE THRILLER!”
JASON STATHAM HUMMINGBIRD
JASON STATHAM ER GRJÓTHARÐUR Í ÞESSARI MÖGNUÐU SPENNUMYND
STÓRKOSTLEG TEIKNIMYND FRÁ SNILLINGUNUM HJÁ DISNEY/PIXAR
SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI Í 2D OG 3D
SKRÍMSLA HÁSKÓLINN
SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI Í 2D OG 3D
STRUMPARNIR 2
GAMBIT
PACIFIC RIM
BRAD PITT WORLD WAR Z

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| HUMMINGBIRD | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| HUMMINGBIRD VIP | KL. 10:30 | VIP |
| RED 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| RED 2 VIP | KL. 3 - 5:30 - 8 | VIP |
| GAMBIT | KL. 6 - 8:30 | 7 |
| PACIFIC RIM 3D | KL. 10:30 | 12 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSL TAL 3D | KL. 3:20 | L |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 - 5:40 | L |
| MONSTERS UNIVERSITY ENS TAL 2D | KL. 3:40 - 8 | L |
| WORLD WAR Z 2D | KL. 6 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE LONE RANGER | KL. 10:20 | 12 |
| SAMMY 2 ÍSL TAL 2D | KL. 4 TILBOÐ 400 KR. | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| HUMMINGBIRD | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| RED 2 | KL. 8 | 12 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 | L |
| WORLD WAR Z 3D | KL. 10:30 | 12 |
| THE LONE RANGER | KL. 5 | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| HUMMINGBIRD | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| RED 2 | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| SMURFS 2 ÍSL TAL 3D | KL. 3 | L |
| SMURFS 2 ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 - 5:40 | 12 |
| PACIFIC RIM 2D | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSL TAL | KL. 2D: 3:20 - 5:40 3D: 3 | L |
| WORLD WAR Z 2D | KL. 8 - 10:30 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| HUMMINGBIRD | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| SMURFS 2 ÍSL TAL 3D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| SMURFS 2 ÍSL TAL 2D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| RED 2 | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| GAMBIT | KL. 8 | 7 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSL TAL 3D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| WORLD WAR Z 2D | KL. 10 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| HUMMINGBIRD | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| RED 2 | KL. 10:10 | 12 |
| GROWN UPS 2 | KL. 8 | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
Party, strákar, kynlíf ...listinn er langur
The To Do List
WOLVERINE
FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR LITTLE MISS SUNSHINE OG JUNO
BÚIÐ YKKUR UNDIR ÓÞEKKTIR!
-D.M.S. - MBL
-T.V. BÍÓVEFURINN/VIKAN
ONLY GOD FORGIVES

| SMÁRABÍÓ | | |
|---|---|---|
| THE TO DO LIST | KL. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL TAL | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| WOLVERINE 3D | KL. 8 - 10.40 | 14 |
| WOLVERINE 3D LÚXUS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 14 |
| GROWN UPS | KL. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| THE HEAT | KL. 8 - 10.30 | 12 |

| HÁSKÓLABÍÓ | | |
|---|---|---|
| WAY WAY BACK | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL TAL | KL. 5.40 | L |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL | KL.5.40 | L |
| ONLY GOD FORGIVES | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| WOLVERINE 3D | KL. 8 - 10.40 | 14 |
| GROWN UPS | KL. 5.40 – 8 | L |
| THIS IS THE END | KL. 10.20 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| STRUMPARNIR 3D | KL. 6 | L |
| ONLY GOD FORGIVES | KL. 8 - 10 (16) / WOLVERINE 3D KL. 10 | 14 |
| GROWN UPS 2 | KL. 6 - 8 | L |

Miðasala á: midi.is og eMiði

BÍÓ PARADÍS Heimili kvikmyndanna
DAGSKRÁIN ER Á WWW.BIOPARADIS.IS OG MIDI.IS

# 20-50% afsláttur af öllum heilsurúmum



**CLASSIC - rafstillanlegt**
Einbreið heilsurúm á verði frá **190.049,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **346.995,-**



**DRAUMEY**
Einbreið heilsurúm á verði frá **70.224,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **129.360,-**



**ROYAL - rafstillanlegt**
Einbreið heilsurúm á verði frá **302.391,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **566.991,-**

**Frí heimsending á hjónarúmum eða tökum gamla rúmið upp í nýtt!**



## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGU-GREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

## LAGERHREINSUN
### Á ARINELDSTÆÐUM





**EINUNGIS 3 VERÐ!**

**19.900,-**

**29.900,-**

**39.900,-**

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

## Sá fyrsti hjá Moyes

**FÓTBOLTI** Manchester United lagði Wigan Athletic í árlegum leik Englands- og bikarmeistara um Samfélagsskjöldinn á Englandi í gær. Hollendingurinn Robin van Persie skoraði bæði mörk United í 2-0 sigri.

Þeir rauðklæddu höfðu töluverða yfirburði í leiknum án þess að sýna meistaratakta. Sigurinn léttir þó mikilli pressu af David Moyes, knattspyrnustjóra félagsins. Illa hefur gengið á undirbúningstímabilinu en flautað verður til leiks í ensku úrvalsdeildinni á laugardaginn.

United sækir Swansea heim í fyrstu umferðinni. -ktd



**TVEIR GÓÐIR** Titillinn er sá fyrsti sem Moyes vinnur sem knattspyrnustjóri. NORDICPHOTOS/GETTY

## Rökuðu inn gullinu á HM íslenska hestsins í Berlín

**HESTAR** Íslenskir knapar og hross rökuðu inn verðlaunum á heimsmeistaramóti íslenska hestsins sem lauk í Berlín í gær.

Jóhann Skúlason og Hnokki frá Fellskoti höfðu mikla yfirburði í töltinu og tryggðu sér heimsmeistaratitilinn. Þetta var í sjötta skipti í röð sem Jóhann vinnur til gullverðlauna í greininni en hann hefur hlotið tíu gullverðlaun á ferli sínum.

Konráð Valur Sveinsson varð tvöfaldur heimsmeistari í flokki ungmenna. Konráð Valur vann sigur í 100 og 250 metra skeiði á hryssunni Þórdísi frá Lækjarbotnum. Konráð Valur lék við hvurn sinn fingur og minnti á eftir sigurinn í síðari greininni að hann væri einhleypur.



Magnús Skúlason varði heimsmeistaratitil sinn á Hraunari frá Efri-Rauðalæk. Magnús keppir þó fyrir Svíþjóð en hann er búsettur ytra.

Þá fékk Bergþór Eggertsson verðlaun fyrir fyrirmyndarreiðmennsku. Bergþór varði heimsmeistaratitil sinn í 250 metra skeiði á Lótusi frá Aldenghoor.

Íslenska landsliðið varð stigahæsta liðið á mótinu og fékk veglegan og níðþungan bikar að launum.

**visir.is**

Umfjöllun og myndir frá lokahelgi HM í Berlín.



**STÓRSKYTTA** Róbert Aron hefur til þessa einbeitt sér að skyttustöðunni hjá Fram. Hann hefur hug á að bæta sig í stöðu leikstjórnanda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ætlar að prófa að elda

### Róbert Aron Hostert kom á óvart og samdi við ÍBV.

**HANDBOLTI** Róbert Aron Hostert mun leika með karlaliði ÍBV í efstu deildinni í handboltanum á næstu leiktíð. Róbert Aron hefur verið undir smásjá erlendra félaga í sumar og koma tíðindin því nokkuð á óvart.

„Ég fékk náttúrulega einhver tilboð að utan. Það ætti samt ekki að skemma fyrir mér að vera einn vetur í viðbót hérna heima,“ segir Róbert Aron. Hann ætlar að leggja höfuðáherslu á það með Eyjamönnum að stimpla sig inn sem leikstjórnandi.

„Ég er með tilboð frá Þýskalandi um að spila á miðjunni á næsta ári,“ segir Róbert. Hann segist vilja styrkja sig í þeirri stöðu, enda sé það ekki endilega hans sérstaða að stökkva upp og skjóta. Hann hafi ýmislegt fleira til brunns að bera þótt hann geti auðvitað leyst skyttustöðuna af hendi.

Framarinn uppaldi segir mikinn metnað hjá Eyjamönnum og þjálfarateyminu. ÍBV vann sér sæti í efstu deild í vor og verður því nýliði í deildinni. Félagið samdi þó á dögunum við slóvenska línumanninn Matjaz Mlakar og virðist ætla sér stóra hluti.

„Ég held að við munum spjara okkur og koma á óvart,“ segir Róbert Aron. Hann segir flutninginn til Eyja vera skref í að standa á eigin fótum og skipta um umhverfi.

„Ég hef verið í Fram alla mína tíð og óska þeim alls hins besta,“ segir rétthenta skyttan og leikstjórnandinn. Hann segir að það verði stórt skref fyrir sig að búa einn og elda sinn eigin mat.

„Þá býr maður kannski til eitthvað annað en samlokur og vaskar kannski einu sinni upp.“

Í samningi Róberts við Eyjamenn eru klausur sem gefa honum tækifæri á að semja við erlend félög á komandi tímabili. Því gæti svo farið að Róbert færi út á leiktíðinni sem hefst í september. Hann bendir sér þó fyrst og fremst að því að spila með ÍBV.

En hvernig líst honum á að mæta Fram í Safamýrinni? „Við sjáum til. Ég veit ekki hvernig þetta verður. Ég er enn þá að átta mig á þessu,“ sagði Róbert Aron.

# Á leið vestur um haf

### Björn Róbert Sigurðarson var eini leikmaðurinn af áttatíu sem var boðinn samningur í íshokkíliðinu Aberdeen Wings. Sló í gegn á HM 20 ára liða í vetur.

**ÍSHOKKÍ** Landsliðsmaður Íslands í íshokkí, Björn Róbert Sigurðarson, mun leika með liði Aberdeen Wings í NAHL-deildinni í Bandaríkjunum í vetur.

Björn Róbert, sem er fæddur árið 1994, segist hafa fengið fyrirspurnir eftir HM 20 ára landsliða í vetur. Flestar þeirra hafi komið frá Kanada.

„Ég var upprunalega á leiðinni í æfingabúðir í Kanada en fór einnig í æfingabúðir hjá Aberdeen Wings. Mér leist mjög vel á þjálfarann og liðið og úr varð að ég tók tilboði þeirra,“ segir Björn Róbert.

Um áttatíu leikmenn spreyttu sig hjá Aberdeen Wings en svo fór að aðeins einum var boðinn samningur, Birni Róberti.

„Það má ekki greiða okkur fyrir að spila en félagið greiðir allan námskostnað og uppihald,“ segir Björn Róbert um samning sinn við félagið. Félagið er staðsett í bænum Aberdeen, sem er í Suður-Dakóta um 400 kílómetra vestur af Minneapolis.

„Það búa um 30 þúsund manns í bænum en hokkíliðið er aðallið bæjarins,“ segir Björn Róbert. Um tvö þúsund manns mæta á heimaleiki liðsins.

Björn Róbert lék með Hvidövre í Danmörku á síðasta ári en færir sig nú vestur um haf. Hann segist stefna á að komast að hjá háskólaliði vestanhafs í framhaldinu. Hann mun stunda nám í Aberdeen samhliða íshokkíiðkun sinni.

„Ég er mjög spenntur og hlakka mikið til að takast á við þetta. Ég met möguleika mína góða hjá liðinu og líst vel á þjálfarann,“ segir Björn Róbert. Hann segir NAHL-deildina eina elstu og öflugustu ungmennadeildina vestanhafs með 24 félög víðs vegar um Bandaríkin.

Björn Róbert, sem er framherji, stefnir á nám í tölvunarfræði eða viðskiptafræði ytra. kolbeinntumi@365.is



**STEFNIR HÁTT** Grafarvogsbúinn uppaldi er þegar orðinn lykilmaður í íslenska landsliðinu þrátt fyrir ungan aldur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Enn í ábyrgð

Gott eintak

Kia Sportage EX

Árgerð 2012, 136 hestafla dísilvél, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, ekinn 30 þús. km. 6 ár eftir af ábyrgð.

Álfelgur, aksturstölva, hraðastillir, hiti í öllum sætum, loftkæling, fjarlægðarskynjarar að framan, fjarstýrðar samlæsingar, þjófavörn og margt fleira.
Eyðir aðeins 6,9 l/100 km í blönduðum akstri.*

Tilboðsverð 5.490.000 kr.

Mánaðarleg afborgun 38.500 kr.**

*Skv. uppgefnum meðaleyðslutölum frá framleiðanda.
**M.v. 65% útborgun eða uppítökubíl að sambærilegu verðmæti og bílasamning ERGO í 72 mánuði. 9,7% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,96%.

ergo

Gæðabíll

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR Klettháls 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · www.notadir.is Opið virka daga kl. 10-18

ASKJA




HÁSKÓLABÍÓ HLJÓÐX midi.is

**MIÐASALA Á MIÐI.IS OG Í SÍMA 540 9800**

MIÐAVERÐ 6.500 KR · HÚSIÐ OPNAR KL 19:00 · TÓNLEIKAR HEFJAST KL 20:00

# PEPSI DEILDIN 2013

## STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| KR | 14 | 11 | 1 | 2 | 34:16 | 34 |
| FH | 15 | 10 | 3 | 2 | 28:12 | 33 |
| Stjarnan | 14 | 8 | 4 | 2 | 21:13 | 28 |
| Breiðablik | 13 | 8 | 3 | 2 | 22:12 | 27 |
| Valur | 14 | 6 | 6 | 2 | 30:18 | 24 |
| ÍBV | 14 | 5 | 3 | 6 | 18:18 | 18 |
| Fram | 15 | 5 | 3 | 7 | 18:24 | 18 |
| Fylkir | 15 | 4 | 4 | 7 | 21:22 | 16 |
| Þór | 15 | 4 | 2 | 9 | 20:33 | 14 |
| Víkingur Ó. | 15 | 2 | 5 | 8 | 12:24 | 11 |
| Keflavík | 14 | 3 | 1 | 10 | 14:31 | 10 |
| ÍA | 14 | 2 | 1 | 11 | 17:32 | 7 |

## MARKAHÆSTIR

| | |
|---|---|
| **Hólmbert Aron Friðjónsson, Fram** | **8** |
| **Viðar Örn Kjartansson, Fylki** | **8** |
| **Baldur Sigurðsson, KR** | **7** |

**KR 3-1 ÍBV**
**KR-völlur**
**Áhorf: 1.711**
**Gunnar Jarl Jónsson (5)**

**Mörkin:** 1-0 Bjarni Guðjónsson (16.), 2-0 Baldur Sigurðsson (41.), 2-1 Gunnar Már Guðmundsson, víti (56.), 3-1 Þorsteinn Már Ragnarsson (90.).

**KR (4-3-3):** Hannes Þór Halldórsson 4 - Haukur Heiðar Hauksson 6, Grétar Sigfinnur Sigurðsson 6, **Jonas Grönner 7***, Guðmundur Reynir Gunnarsson 6 - Bjarni Guðjónsson 7, Brynjar Björn Gunnarsson 6, Baldur Sigurðsson 7 - Atli Sigurjónsson 5 (55. Rúnar Alex Rúnarsson 6), Óskar Örn Hauksson 6, Gary Martin 6 (76. Þorsteinn Már Ragnarsson -).

**ÍBV (4-4-2):** David James 4 - Arnór Eyvar Ólafsson 5, Brynjar Gauti Guðjónsson 5, Eiður Aron Sigurbjörnsson 6, Matt Garner 5 - Víðir Þorvarðarson 6, Tonny Mawejje 6, Ian David Jeffs 6, Gunnar Þorsteinsson 4 (67. Bradley Simmons 5) - Gunnar Már Guðmundsson 6, Aaron Spear 5 (78. Bjarni Gunnarsson -).

**Skot (á mark):** 3-12 (3-3) **Horn**: 1-5

**Varin skot:** Hannes/Rúnar 2 - David James 0



**ENGINN HAPPAJAKKI** Hermann Hreiðarsson stóð við loforð sitt til leikmanna ÍBV og klæddist sérstökum jakka í Vesturbænum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Valur 1-1 Stjarnan**
**Hlíðarendi**
**Áhorf:**
**Garðar Örn Hinriksson (7)**

**Mörkin:** 0-1 Halldór Orri Björnsson, víti (14.), 1-1 Indriði Áki Þorláksson (71.).

**Valur (4-3-3):** Fjalar Þorgeirsson - Jónas Tór Næs 7, Magnús Már Lúðvíksson 6, Matarr Jobe 7, Bjarni Ólafur Eiríksson 6 - Haukur Páll Sigurðsson 8, **Daniel Craig Racchi 8***, Lucas Ohlander 6 (79. Andri Fannar Stefánsson -) - Arnar Sveinn Geirsson 4 (39. Indriði Áki Þorláksson 6), Kristinn Freyr Sigurðsson - (13. Ásgeir Þór Magnússon 6), Patrick Pedersen 7.

**Stjarnan (4-3-3):** Ingvar Jónsson 5 - Jóhann Laxdal 6, Martin Rauschenberg 6, Daníel Laxdal 6, Hörður Árnason 6 - Snorri Páll Blöndal 5 (79. Darri Steinn Konráðsson -), Atli Jóhannsson 6 (46. Baldvin Sturluson 4), Veigar Páll Gunnarsson 5 - Ólafur Karl Finsen 4, Halldór Orri Björnsson 3, Garðar Jóhannsson 6 (Tryggvi Sveinn Bjarnason 3).

**Skot (á mark):** 5-11 (1-2) **Horn**: 2-1

**Varin skot:** Fjalar/Ásgeir 1 - Ingvar 0

**FH 0-0 Breiðablik**
**Kaplakriki**
**Áhorf: 1.887**
**Erlendur Eiríksson (6)**

**FH (4-3-3):** Róbert Örn Óskarsson 5 - Jón Ragnar Jónsson 6, Guðmann Þórisson 8, Freyr Bjarnason 7, Brynjar Ásgeir Guðmundsson 7 - Davíð Þór Viðarsson 6, Björn Daníel Sverrisson 7, Emil Pálsson 4(81. Einar Karl Ingvarsson) - Ólafur Páll Snorrason 4 (64. Ingimundur Níels Óskarsson 5), Atli Guðnason 6, Kristján Gauti Emilsson 5.

**Breiðablik (4-3-3):** Gunnleifur Vignir Gunnleifsson 5 - Þórður Steinar Hreiðarsson 6, **Sverrir Ingi Ingason 8***, Renee Gerard Troost 8, Kristinn Jónsson 7 - Guðjón Pétur Lýðsson 6, Finnur Orri Margeirsson 7, Andri Rafn Yeoman 6 (86. Olgeir Sigurgeirsson) - Nichlas Rohde 4 (60. Árni Vilhjálmsson 5), Ellert Hreinsson 4 (71. Tómas Óli Garðarsson), Elfar Árni Aðalsteinsson 4.

**Skot (á mark):** 10-6 (2-1) **Horn**: 4-4

**Varin skot:** Róbert Örn 1 - Gunnleifur 2

# Byrjar að æfa af krafti í vikunni

## Engin ákvörðun hefur verið tekin um næsta bardaga Gunnars Nelson.

**SPORT** „Það er enginn bardagi bókaður. Við erum búnir að fá nokkrar fyrirspurnir vegna þessa en ég veit ekkert hvaðan þessi orðrómur kemur,“ segir Haraldur Dean Nelson, faðir og umboðsmaður Gunnars Nelson.

Slúðrað er um það í netheimum að Gunnar eigi að berjast við Jordan Mein á stóru UFC-bardagakvöldi í Manchester í október.

„Ég sá þetta líka á netinu en það er enginn búinn að tala við okkur. Gunnar fór á fyrstu æfinguna sína fyrir helgi og byrjar fyrst núna að æfa af krafti,“ segir Haraldur. Gunnar gekkst undir aðgerð á hné vegna liðþófameiðsla í apríl. Haraldur segir endurhæfinguna hafa gengið vel.

„Hann er fínn í fætinum en á eftir að láta reyna á hann fyrir alvöru. Þangað til lofum við okkur ekki í eitt eða neitt.“

Haraldur segir að vissulega væri gaman ef Gunnar gæti barist á kvöldinu í Manchester í október. Ekkert sé útilokað í þeim efnum en undirbúningstíminn væri í allra stysta lagi.

„Hann er nýstiginn upp úr erfiðum meiðslum og aðgerð á hné. Það væri því ekki gáfulegt,“ segir Haraldur. Hann minnir á að Gunnar sé í bardagaíþróttum til framtíðar og því verði engin óþarfa áhætta tekin.

„Batinn hefur gengið vel og hann hefur farið að ráðum lækna í einu og öllu og passað sig að fara ekki of snemma af stað. Við erum mjög bjartsýnir á framhaldið.“ **-ktd**



**MÆTTUR** Gunnar Nelson varð 25 ára í síðasta mánuði. NORDICPHOTOS/GETTY

# Elskar íslenskt nammi

## Chukwudi Chijindu kann vel við sig í herbúðum Þórs norðan heiða. Framherjinn hárprúði vissi ekki fyrr en seint í vor að Þór vildi endurnýja kynnin. Chuck væri til í að innleiða fimmtíu prósenta afslátt á sælgæti á laugardögum vestanhafs.

**FÓTBOLTI** „Ég hef notið tímans hér á landi þótt þetta sé öðruvísi en ég er vanur,“ segir Chukwudi Chijindu, framherji Þórs á Akureyri sem allajafna gengur undir nafninu Chuck. Bandaríkjamaðurinn gekk í raðir Þórs um mitt tímabil í fyrra. Fimm mörk í níu leikjum spiluðu stóran þátt í því að Akureyrarliðið vann sér sæti á meðal þeirra bestu á ný. Þrátt fyrir frábæra frammistöðu varð ekki ljóst fyrr en á vormánuðum hvort Chuck myndi snúa aftur til Akureyrar í sumar.

„Ég fór heim til Kaliforníu að meta möguleika mína. Í fullri hreinskilni gerði Þór mér ekki ljóst að þeir vildu fá mig aftur. Maður getur ekki setið og beðið eftir að hlutirnir gerist í fótboltaheiminum,“ segir framherjinn 27 ára. Hann var þó mættur fyrir fyrsta leik Þórs í deildinni og hefur skorað sex mörk í tólf leikjum.

Chuck segir það alltaf hafa verið draum sinn að spila sem atvinnumaður í íþróttinni sem hann ann.

„Þannig er það þegar maður elst upp. Svo þegar maður verður eldri fer maður að meta hvort það sé raunsætt markmið eða draumur,“ segir Chuck. Alls staðar þar sem hann hafi spilað hafi hann verið stjörnuleikmaður liðsins eða einn þeirra. Honum hafi gengið vel í háskólaboltanum með Connecticut-háskóla.

„Þegar ég stóð jafnfætis þeim bestu í háskólaboltanum áttaði ég mig á því að ég gæti lagt fótboltann fyrir mig,“ segir Chuck, sem lærði sálfræði í háskólanum, enda hafði móðir hans ávallt brýnt fyrir honum gildi menntunar.



**MARKI FAGNAÐ** Chuck spilaði á sínum tíma með Chivas í MLS-deildinni. Í dag njóta Þórsarar góðs af framherjanum markheppna. NORDICPHOTOS/GETTY

### Ferðast víða í leit að liði

Chuck komst á samning hjá Chivas í MLS-deildinni og var á mála hjá liðinu í þrjú og hálft ár.

„Ég lærði rosalega mikið sem atvinnumaður í MLS-deildinni. Eina ástæðan fyrir því að ég fór var að ég vildi fá að spila meira og í minni stöðu,“ segir Chuck. Hann sé framherji en hafi verið fullmikið notaður á kantinum vestanhafs. Hann hefur farið í ævintýranna víða um Evrópu og reynt fyrir sér hjá félögum í Grikklandi, Kýpur, Sviss og Svíþjóð. Tækifæri hafi verið víða en hann hafi svo lent á Íslandi.

„Strákarnir hafa tekið vel á móti mér. Svo hjálpaði líka að hafa Joe (Funicello) og Josh (Wicks),“ segir Chuck sem landa sína hjá Þórsliðinu. „Þegar þú býrð fjarri heimahögunum skilja mann ekki alltaf allir. Þá er gott að eiga vini með svipaðan bakgrunn til að ræða málin við.“

Chuck er samningsbundinn Þórsliðinu út leiktíðina. Hvað við tekur þá veit hann ekki. Hann gæti þó vel hugsað sér að stíga skrefið og reyna fyrir sér í Skandinavíu. Hann viðurkennir að líf fótboltamannsins geti verið erfitt, enda fjarri fjölskyldu og vinum heima á vesturströndinni.

„Það er fórn sem maður færir. Ég er samt sterkur andlega og trúi því að ef þú færir fórnir og leggur hart að þér muni það borga sig á endanum.“

### Elskar nammiafsláttinn

Chuck er fljótur til svars þegar hann er spurður að því hvort það séu einhverjar hefðir eða siðir á Íslandi sem hann mundi vilja taka upp vestanhafs.

„Fimmtíu prósenta afsláttur á nammi á laugardögum,“ segir framherjinn hárprúði og hlær. „Ég elska nammi og fer alltaf á laugardögum í nammiland,“ segir Chuck. Þrátt fyrir að Þór ætti útileik gegn Víkingum í gær fór Chuck venju samkvæmt og fjárfesti í sælgæti á laugardaginn.

„Það bíður mín eftir leikinn gegn Víkingum.“ **kolbeinntumi@365.is**

**Fram 1-0 ÍA**
**Laugardalsv.**
**Áhorf: 802**
**Þorvaldur Árnason (8)**

**Mörkin:** 1-0 Sjálfsmark (39.)

**Fram (4-3-3):** Ögmundur Kristinsson 6 - Orri Gunnarsson 7, Alan Lowing 7, Ólafur Örn Bjarnason 6, Steffen Haugland 6 (46. Daði Guðmundsson 5) - **Samuel Hewson 8***, Haukur Baldvinsson 6 (67. Halldór Hermann Jónsson 5), Viktor Bjarki Arnarsson 6 - Kristinn Ingi Halldórsson 6, Almarr Ormarsson 7 (80. Aron Bjarnason -), Hólmbert Friðjónsson 6.

**ÍA (4-4-2):** Páll Gísli Jónsson 6 - Einar Logi Einarsson 5, Thomas Sörensen 6, Andri Geir Alexandersson 5, Hector Pena Bustamente 5 - Hallur Flosason 4 (88. Jón Vilhelm Ákason -), Jóhannes Karl Guðjónsson 7, Jorge Corella Garcia 7 (83. Josuha Watt -), Joakim Wrele 5 - Garðar Gunnlaugsson 5 (76. Eggert Kári Karlsson -), Ármann Smári Björnsson 5.

**Skot (á mark):** 17-10 (4-2) **Horn**: 3-1

**Varin skot:** Ögmundur 2 - Páll Gísli 3

**Fylkir 3-0 Keflavík**
**Lautin**
**Áhorf: 1.224**
**Kristinn Jakobsson (7)**

**Mörkin:** 1-0 Andrés Már Jóhannesson (26.), 2-0 Finnur Ólafsson, víti (45.), 3-0 Viðar Örn Kjartansson (85.).

**Fylkir (4-3-3):** Bjarni Þórður Halldórsson 7 - Ásgeir Örn Arnþórsson 6, Kristján Hauksson 6, Agnar Bragi Magnússon 7, Tómas Þorsteinsson 7 – Ásgeir Börkur Ásgeirsson - (16. Davíð Einarsson 6), **Guy Roger Eschmann 8***, Finnur Ólafsson 7 (68. Kjartan Ágúst Breiðdal 5) – Andrés Már Jóhannesson 7(50. Elís Rafn Björnsson 5), Emil Berger 7, Viðar Örn Kjartansson 7.

**Keflavík (4-4-2):** Ómar Jóhannsson 5 - Endre Ove Brenne 6, Halldór Kristinn Halldórsson 4, Haraldur Freyr Guðmundsson 4, Magnús Þórir Matthíasson 5 - Elías Már Ómarsson 5 (82. Bojan Stefán Ljubicic -), Einar Orri Einarsson 5 (64. Ray Anthony Jónsson 5), Arnór Ingvi Traustason 6, Magnús Sverrir Þorsteinsson 5 (58. Andri Fannar Freysson 6) - Hörður Sveinsson 5, Frans Elvarsson 4.

**Skot (á mark):** 10-6 (6-4) **Horn**: 3-4

**Varin skot:** Bjarni Þórður 4 - Ómar 3



**TVEIR NAGLAR** Einar Orri Einarsson og Guy Roger áttust við á miðjunni í Lautinni í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Dramatískur sigur í toppslagnum

## Stelpurnar okkar voru í eldlínunni í Svíþjóð, Noregi og Englandi um helgina.

**FÓTBOLTI** Sara Björk Gunnarsdóttir og Þóra Björg Helgadóttir voru í eldlínunni með liði sínu LdB Malmö, sem vann dramatískan 3-2 sigur á Tyresö í sænsku úrvalsdeildinni um helgina. Manni færri og 2-1 undir sneru gestirnir við blaðinu og tryggðu sér sigur seint í leiknum.

„Við héldum áfram enda höfðum við engu að tapa,“ segir Sara Björk í samtali við Fréttablaðið.

Frægasti gullfiskur í Svíþjóð, sjálfur Sigurwin, býr nú hjá Þóru Björgu í Malmö eftir fjölmiðlafárið á Evrópumótinu. Malmö hefur unnið báða leiki síðan fiskurinn fékk heimili hjá Þóru.

„Ætli það sé ekki einhver tenging þarna á milli,“ segir Sara Björk létt. LdB Malmö og Tyresö deila nú toppsætinu en Tyresö hefur þó betri markatölu.



Katrín Jónsdóttir lék allan leikinn með Umeå í 1-0 sigri á Linköping. Þá skoraði Margrét Lára Viðarsdóttir fyrsta mark Kristianstad úr vítaspyrnu í 2-2 jafntefli gegn Örebro. Sif Atladóttir lék allan leikinn með Kristianstad.

Fanndís Friðriksdóttir skoraði annan leikinn í röð með Kolbotn í norsku úrvalsdeildinni. Þá skoraði Katrín Ómarsdóttir eitt marka Liverpool í 4-3 sigri á Bristol í efstu deild á Englandi. **-ktd**

**Víkingur Ó. 1-1 Þór**
**Ólafsvíkurv.**
**Áhorf: 502**
**Vilhjálmur Alvar (5)**

**Mörkin:** 1-0 Guðmundur Steinn Hafsteinsson (10.), 1-1 Mark Tubæk (57.).

**Víkingur (4-5-1):** Einar Hjörleifsson 6 - Emir Dokora 7, Damir Muminovic 6, Insa Fransisco 5, **Samuel Hernandez 8***, - Eyþór Birgisson 7 (65. Guðmundur Magnússon 6), Björn Pálsson 6, Farid Zato 6, Eldar Masic 6, Antonio Mossi 7 (65. Alfreð Hjaltalín 5) - Guðmundur Steinn Hafsteinsson 7

**Þór (4-3-3):** Joshua Wicks 5 - Andri Hjörvar 5, Janez Vrenko 5 , Hlynur Atli Magnússon 6 (45. Baldvin Ólafsson 5), Ingi Freyr Hilmarsson 6 (65. Edin Beslija 5) - Orri Freyr Hjaltalín 6, Mark Tubæk 6, Ármann Pétur Ævarsson 5, - Sveinn Elías Jónsson 5, Chucwudi Chijindu 6, Jóhann Þórhallsson 6.

**Skot (á mark):** 10-6 (5-2) **Horn**: 4-3

**Varin skot:** Einar 1 - Wicks 4


KSÍ
FORSALA Á MIDI.IS
TIL OG MEÐ 14. ÁGÚST
FULLT VERÐ (ÞRJÚ SVÆÐI):
2.500 KR, 2.000 KR OG 1.500 KR
FORSÖLUVERÐ:
2.000 KR, 1.500 KR OG 1.000 KR
50% AFSLÁTTUR AF FULLU VERÐI
FYRIR 16 ÁRA OG YNGRI
Í ÞÍNUM SPORUM
Stöndum saman gegn einelti
VINÁTTULANDSLEIKUR
ÍSLAND - FÆREYJAR
MIÐV. 14. ÁGÚST KL. 19:45
STYÐJUM VIÐ BAKIÐ Á STRÁKUNUM!
ALLIR Á LAUGARDALSVÖLLINN!
Alltaf í boltanum með KSÍ
BORGUN
Lengjan
ICELANDAIR
Coca-Cola

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl 20.00
**Nashville**

Dramatískir þættir þar sem tónlistin spilar stórt hlutverk. Þeir fjalla um kántrísöngkonuna Raynu James sem muna má sinn fífil fegurri og ferillinn er farinn að dala.





### Suits
**STÖÐ 2 KL 20.45** Þriðja þáttaröðin um hinn eitursnjalla Mike Ross, sem áður fyrr hafði lifibrauð sitt af því að taka margvísleg próf fyrir fólk gegn greiðslu.

**TV.COM** 8,6 **IMDb** 8,8



### Glæður
**SJÓNVARPIÐ KL 20.55** Breskur myndaflokkur um sjö vini í London sem leigðu saman íbúð á námsárum sínum á sjöunda áratugnum. Við hefjum leikinn árið 2012 við jarðarför eins úr hópnum og síðan er stiklað á stóru í lífi sjömenninganna frá 1965 til okkar daga.

**TV.COM** 9,4 **IMDb** 6,7



### Kitchen Nightmares
**SKJÁR EINN KL 20.20** Flestum er meinilla við matreiðslumanninn Gordon Ramsey, enda með dónalegri mönnum. Það breytir því ekki að hann er einn besti kokkur veraldar og veit hvað þarf til að reka góðan veitingastað.

**TV.COM** 8,5 **IMDb** 6,9

### Fm 957 kl 16.00
**FM95BLÖ**

Auðunn Blöndal stýrir þættinum en fær einnig til sín nokkra góða vini. Björn Bragi er á mánudögum, Sveppi á þriðjudögum og Hjöbbi Ká á fimmtudögum. Það vill enginn missa af þessum þætti – það er bara þannig.






## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími**
**08.10** **Malcolm in the Middle** *(21:22)*
**08.30** **Ellen** *(19:170)*
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Wipeout**
**10.25** **Doctors** *(40:175)*
**11.05** **Hawthorne** *(8:10)*
**11.50** **Falcon Crest** *(11:28)*
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Perfect Couples** *(2:13)*
**13.25** **So You Think You Can Dance** *(4:15)*
**14.45** **ET Weekend**
**15.35** **Geimkeppni Jóga björns**
**16.25** **Ellen** *(20:170)*
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan** *(13:22)*
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.06** **Veður**
**19.15** **The Big Bang Theory** *(8:24)*
**19.35** **Modern Family**
**20.00** **Nashville** *(8:21)* Dramatískir þættir þar sem tónlistin spilar stórt hlutverk. Þeir fjalla um kántrísöngkonuna Raynu James sem muna má sinn fífil fegurri og ferillinn er farinn að dala.
**20.45** **Suits** *(3:16)* Þriðja þáttaröðin um hinn eitursnjalla Mike Ross, sem áður fyrr hafði lifibrauð sitt að því að taka margvísleg próf fyrir fólk gegn greiðslu.
**21.30** **The Newsroom** *(5:10)* Önnur þáttaröðin af þessum mögnuðu og dramatísku þáttum sem gerast á kapalstöð í Bandaríkjunum.
**22.20** **Boss** *(9:10)*
**23.15** **The Big Bang Theory** *(10:24)*
**23.40** **Mike & Molly** *(20:23)*
**00.00** **How I Met Your Mother** *(5:24)*
**00.25** **Orange is the New Black** *(3:13)*
**01.10** **Veep** *(3:10)*
**01.40** **The Following** *(13:15)*
**02.20** **The Following** *(14:15)*
**03.00** **The Following** *(15:15)*
**03.45** **Undercovers** *(11:13)*
**04.30** **Nashville** *(8:21)*
**05.15** **The Big Bang Theory** *(8:24)*
**05.35** **Fréttir og Ísland í dag**

## POPP TÍVÍ

**19.00** **Friends** *(21:24)*
**19.20** **Two and a Half Men** *(14:24)*
**19.40** **The Simpsons** *(5:21)*
**20.05** **Don't Tell the Bride** *(3:6)* Breskir raunveruleikaþættir um pör í hjónabandshugleiðingum sem fá 25.000 pund til þess að halda draumabrúðkaupið.
**21.00** **Hart of Dixie** *(19:22)* Dramatísk þáttaröð með léttu ívafi um unga stórborgarstúlku sem finnur sjálfa sig og ástina í smábæ í Alabama.
**21.45** **The Lying Game** *(5:20)*
**22.25** **The Lying Game** *(6:20)*
**23.10** **Friends** *(21:24)*
**23.30** **Two and a Half Men** *(14:24)*
**23.55** **The Simpsons** *(5:21)*
**00.15** **Don't Tell the Bride** *(3:6)*
**01.15** **The Lying Game** *(5:20)*
**01.55** **The Lying Game** *(6:20)*
**02.40** **Tónlistarmyndbönd**

## ÍNN

**20.00** Frumkvöðlar **20.30** Golf fyrir alla **21.00** Eldhús meistaranna **21.30** Sædís í Gleym mér ei

## SPORT *besta sætið*

**07.00** **Pepsi-mörkin 2013**
**08.15** **Pepsi-mörkin 2013**
**17.30** **Samantekt**
**18.00** **Þýski handboltinn: Kiel - Melsungen**
**19.25** **FH - Breiðablik**
**21.15** **Pepsi-mörkin 2013**
**22.30** **Samantekt**
**23.00** **Þýski handboltinn: Lubbecke - Flensburg**
**00.20** **Michelle Wie á heimaslóðum**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00** **Samfélagsskjöldurinn 2013**
**16.15** **Leicester - Leeds**
**17.55** **Enska úrvalsdeildin - upphitun fyrir tímabilið**
**18.50** **PL Classic Matches: Everton - Leeds, 1999**
**19.20** **Samfélagsskjöldurinn 2013**
**21.00** **Enska úrvalsdeildin – upphitun fyrir tímabilið**
**22.00** **Season Highlights 2005/2006**
**22.55** **Club Friendly Football Matches**

## krakkar

**07.05** Lalli **07.10** Refurinn Pablo **07.15** Litlu Tommi og Jenni **07.40** Kai Lan **08.05** Svampur Sveinsson **08.25** Dóra könnuður **08.50** Mörgæsirnar frá Madagaskar **09.10** Strumparnir **09.35** Waybuloo **09.55** Fjörugi teiknimyndatíminn **10.20** Áfram Diego, áfram! **10.40** Histeria! **11.00** Doddi litli og Eyrnastór **11.10** Ofuröndin **11.35** Lalli **11.40** Lalli **11.45** Refurinn Pablo **11.50** Litlu Tommi og Jenni **12.10** Kai Lan **12.35** Svampur Sveinsson **12.55** Dóra könnuður **13.20** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.40** Strumparnir **14.05** Waybuloo **14.25** Fjörugi **14.50** Áfram Diego, áfram! **15.15** Histeria! **15.35** Doddi litli og Eyrnastór **15.45** Lalli **15.50** Refurinn **15.55** Litlu Tommi og Jenni **16.15** Kai Lan **16.40** Svampur Sveinsson **17.05** Dóra könnuður **17.30** Mörgæsirnar frá Madagaskar **17.50** Strumparnir **18.15** Waybuloo **18.35** Fjörugi teiknimyndatíminn **19.00** Áfram Diego, áfram! **19.25** Histeria! **19.45** Doddi litli og Eyrnastór

## GULL

**20.00** **Sjálfstætt fólk**
**20.25** **Grillskóli Jóa Fel** *(3:6)*
**21.00** **The Practice** *(16:21)*
**21.45** **Cold Case** *(15:24)*
**22.30** **Sjálfstætt fólk**
**22.55** **Grillskóli Jóa Fel** *(3:6)*
**23.30** **The Practice** *(16:21)*
**00.15** **Cold Case** *(15:24)*
**01.00** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**11.35** **Chronicles of Narnia: The Voyage of the Dawn Treader**
**13.25** **Diary of a Wimpy Kid: Rodrick Rules**
**15.05** **More Than a Game**
**16.45** **Chronicles of Narnia: The Voyage of the Dawn Treader**
**18.35** **Diary of a Wimpy Kid: Rodrick Rules**
**20.15** **More Than a Game**
**22.00** **Ray**
**00.30** **Fair Game**
**02.15** **Sand and Sorrow**
**03.50** **Ray**

## RÚV

**14.30** **HM í frjálsum íþróttum**
**14.45** **HM í frjálsum íþróttum**
**18.00** **Skoltur skipstjóri**
**18.14** **Grettir**
**18.15** **Táknmálsfréttir**
**18.25** **Lífið í Noregi** *(2:3) (Status Norge)* Norsk heimildarþáttaröð um Noreg og Norðmenn.
**19.00** **Fréttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Alexandría – Borgin merka** *(Alexandria: The Greatest City)* Bresk heimildamynd. Bettany Hughes rekur sögu þessarar fornu menningarborgar sem Alexander mikli lét reisa í eyðimörkinni árið 331 fyrir okkar tímatal.
**20.25** **Sjónvarpsleikhúsið – Maðurinn** *(5:6) (Playhouse Presents: The Man)* Bresk sjónvarpsmynd um unga bankakonu sem hittir dularfullt fólk á hóteli sem gerbreytir sýn hennar á veröldina.
**20.55** **Glæður** *(1:6) (White Heat)* Breskur myndaflokkur um sjö vini í London sem leigðu saman íbúð á námsárum sínum á sjöunda áratugnum. Við hefjum leikinn árið 2012 við jarðarför eins úr hópnum og síðan er stiklað á stóru í lífi sjömenninganna frá 1965 til okkar daga.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **HM í frjálsum íþróttum**
**22.30** **Vörður laganna** *(1:10) (Copper)* Bandarískur sakamálamyndaflokkur. Þættirnir gerast í New York upp úr 1860.
**23.15** **Hafinn yfir grun: Rauða Dalían** *(3:3) (Above Suspicion II: The Red Dahlia)* Bresk sakamálamynd í þremur hlutum.
**00.05** **Fréttir**
**00.15** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**07.10** **America's Funniest Home Videos**
**07.35** **Everybody Loves Raymond** *(24:25)*
**08.00** **Cheers** *(10:25)*
**08.25** **Dr. Phil**
**09.10** **Pepsi MAX tónlist**
**16.20** **The Good Wife** *(15:22)*
**17.05** **Murdoch** *(1:2)* Fjölmiðlamógúllinn Rupert Murdoch hefur alltaf verið umdeildur. SkjárEinn sýnir nú tveggja þátta heimildamyndaröð um fjölmiðlaveldi hans.
**17.55** **Dr. Phil**
**18.40** **Everybody Loves Raymond** *(25:25)*
**19.05** **Cheers** *(11:25)*
**19.30** **Murdoch** *(2:2)*
**20.20** **Kitchen Nightmares** *(1:17)* Flestum er meinilla við matreiðslumanninn Gordon Ramsey, enda með dónalegri mönnum. Það breytir því ekki að hann er einn best kokkur veraldar og veit hvað þarf til að reka góðan veitingastað.
**21.10** **Rookie Blue** *(1:13)* Skemmtilegur þáttur um líf nýliða í lögreglunni.
**22.00** **NYC 22** *(10:13)*
**22.45** **CSI: New York** *(18:22)*
**23.25** **Law & Order** *(16:18)*
**00.15** **Last Comic Standing**
**01.00** **NYC 22** *(10:13)*
**01.45** **Rookie Blue**
**03.25** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **09.20** PGA Championship 2013 **14.20** Golfing World **15.10** Champions Tour - Highlights **16.05** The Open Championship Official Film 2002 **17.05** PGA Tour - Highlights **18.00** Golfing World **18.50** PGA Championship 2013 **23.50** ESPN America

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# 20-50% AFSLÁTTUR




EKKI
MISSA
AF ÞESSU!

REIÐHJÓL OG AUKAHLUTIR · REEBOK FATNAÐUR OG SKÓR
BOXVÖRUR · LÍKAMSRÆKTARVÖRUR OG MARGT FLEIRA

GAP

FAXAFENI 7 | SÍMI 5 200 200 | GAP.IS

**STUÐLAGIÐ**



**„Clouds Across the Moon með Rah-band vegna þess að árið 1997 tók ég þátt í draggkeppni með þessu lagi og hafnaði í þriðja sæti. Það kom mér í gírinn þá og gerir enn.“**

Óli Hjörtur Ólafsson skemmtanastjóri.

# Börn kortleggja íþróttaferil sinn

Sport Hero-íþróttamyndirnar eru byrjaðar að vekja mikla athygli. Samningur við Dani í undirbúningi.

„Hugmyndin varð til þegar við vorum með býttimarkað á krakkamótum með Draumaliðs-fótboltamyndum,“ segir Jóhann Jóhannsson.

Fyrr í sumar fór hann af stað með verkefnið Sport Hero. Það snýst um að ljósmyndarar Sport Hero mynda börn frá aldrinum fimm til átján ára í öllum mögulegum íþróttum og krakkarnir býtta svo á myndunum. „Krakkarnir vildu sjálfir fá að vera með í þessu og svo höfðu foreldrar samband og spurðu hvort aðrar íþróttir en fótbolti mættu ekki vera með,“ segir Jóhann um tilurð verkefnisins.

Hægt er að fá ókeypis límmiðabók í öllum útibúum Íslandsbanka og þar geta krakkar límt inn myndir af sjálfum sér, liðsfélögunum og krökkum úr öðrum liðum. Þannig geta börnin kortlagt íþróttaferilinn sinn, kynnst öðrum íþróttakrökkum og myndað betri tengsl sín á milli. Gylfi Sigurðsson, atvinnumaður hjá Tottenham, styður verkefnið.

Þessa dagana er Jóhann að ganga frá samningi við danska knattspyrnusambandið um sams konar verkefni þar í landi. Fleiri lönd hafa einnig sýnt Sport Hero áhuga. **- fb**



**JÓHANN JÓHANNSSON** Krakkar geta kortlagt íþróttaferilinn sinn með hjálp Sport Hero. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**FRAMTAKSKONA** Erla Gísladóttir hannar minjagripi fyrir ferðamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hannar minjagripi heima í stofu

Erla Gísladóttir byrjaði að föndra afmælisgjafir sem síðar vöktu lukku hjá Íslendingum og ferðamönnum.

„Mér fannst vanta vandaða íslenska minjagripi í verslanir á Íslandi, sem varð til þess að ég byrjaði að prenta ljósmyndirnar mínar á trékubba og glasamottur,“ segir áhugaljósmyndarinn, bloggarinn og háskólaneminn Erla Gísladóttir sem hóf nýverið að selja vörur sínar í Hrími hönnunarhúsi á Laugavegi.

Aðspurð segir Erla að henni hafi fundist vöntun á vönduðum og handunnum minjagripum fyrir ferðamenn á Íslandi. „Fyrst var ég að hugsa um þetta fyrir ferðamennina en Íslendingar hafa tekið þessu vonum framar. Til að byrja með prentaði ég myndir af fjölskyldumeðlimum á trékubba og gaf þeim í afmælisgjafir. Það var oft mikið hlegið að mér þar sem þetta gekk svolítið brösuglega til að byrja með en í dag eru allir mjög ánægðir með gjafirnar frá mér,“ segir Erla og hlær. „Ég læt saga fyrir mig kubbana en flest annað geri ég sjálf. Mér finnst gaman að dunda mér við þetta á kvöldin í stað þess að glápa á sjónvarpið,“ segir Erla sem klárar listfræði við Háskóla Íslands í vor. **- áo**

# Myndaði tískuþátt fyrir danska Costume

Hörður Ingason, ljósmyndari í Kaupmannahöfn, starfar sem tískuljósmyndari í Kaupmannahöfn. Þetta er í annað sinn sem hann myndar fyrir Costume.

„Þetta er mitt annað verkefni fyrir blaðið. Áður hafði ég unnið með dönskum stílista að myndaþætti. Ég var svo fenginn í þetta verkefni og það var bara skemmtileg tilviljun að við Þóra, sem starfar hjá Costume, erum bæði íslensk. Við mynduðum bara flíkur eftir danska hönnuði og verkefnið gekk mjög vel,“ segir ljósmyndarinn Hörður Ingason. Tískuþáttur eftir hann og Þóru Valdimarsdóttur stílista birtist í ágústhefti danska tískuritsins Costume.

Hörður er búsettur í Kaupmannahöfn og starfar sem tískuljósmyndari. Hann stundaði áður ljósmyndanám í Viborg, en skólinn mun vera einn besti ljósmyndaskóli í Skandinavíu. Hörður dvaldi einnig um hríð í New York og var þá í læri hjá ljósmyndaranum Kenneth Willardt, sem hefur unnið mikið fyrir snyrtivörumerki á borð við L'Oréal og Maybelline.

Hörður tekur að sér ýmis verkefni en segir tískuljósmyndun vera í uppáhaldi. „Mér þykir viðfangsefnin í tískuljósmyndun áhugaverð. Maður fær að skapa sinn eigin heim í kringum tökurnar og svo finnst mér mjög gaman að mynda fyrirsætur.“

Tískuiðnaðurinn í Kaupmannahöfn er að sögn Harðar lítill og því margir sem keppa um sömu bitana. „Þetta er pínu hark og það eru margir að reyna að koma sér á framfæri. En ef maður kemst inn í nokkur verkefni verður þetta auðveldara. Eða það vona ég í það minnsta,“ segir hann og hlær.

Spurður út í framtíðaráform sín segist Hörður ekki vera á heimleið. Draumurinn er að flytja til New York og starfa sem ljósmyndari. „En svo ræð ég ekki ferðinni einn. Ég bý með kærustu minni hér í Kaupmannahöfn og hún er lærður líftæknifræðingur.“

**sara@frettabladid.is**



**MYNDAR TÍSKU** Hörður Ingason starfar sem tískuljósmyndari í Danmörku. Hann myndaði tískuþátt fyrir danska tískuritið Costume. MYNDIR/HÖRÐUR INGASON



**ÚR COSTUME** Fatnaðurinn sem Hörður myndaði var eftir danska fatahönnuði.



**SKEMMTILEGT STARF** Hörður segist skapa sinn eigin heim í kringum tökurnar.







Hrefna Sætran

& DOMINO'S KYNNA

# GOTT MÁL

## SÆLKERAPIZZA TIL STYRKTAR GÓÐU MÁLEFNI

**Domino's og meistarakokkurinn Hrefna Sætran hafa tekið höndum saman og styrkja Regnbogabörn með sölu á sérstakri pizzu, dagana 12.–16. ágúst. Stór pizza kostar 3.199 kr. og miðstærð 2.799 kr.**

*„Á góðgerðarpizzunni er pepperoni sem mér persónulega finnst ómissandi á pizzur. Svo set ég ferskan íslenskan mozzarella-ost, frábær afurð. Hvað er betra með mozzarella en litlir kirsuberjatómatar? Þá er heimagert basilpestó með miklum parmesan-osti í sem bráðnar yfir pizzuna og svo má ekki sleppa hvítlauknum. Efst set ég þykkar sneiðar af léttreyktu gæðabeikoni og svo toppa ég með nýmöluðum svörtum pipar.“*

**Hrefna Sætran**



## ÖLL SALAN

*rennur óskipt til*

## REGNBOGABARNA

Regnbogabörn eru fjöldasamtök áhugafólks um eineltismál. Markmið samtakanna er meðal annars að gera börnum kleift að lifa án félagslegs áreitis og ofbeldis frá jafningjum sínum.

regnbogabörn

Bananar ehf. Ali ™

FITON

SÍMI 58 12345 DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060




## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Frægir í gleðigöngu

Gleðigangan fór fram með pompi og prakt á laugardag. Fjöldi þekktra einstaklinga tók þátt í göngunni í ár og má þar helst nefna fjölmiðlamennina Helga Seljan, Kristin Hrafnsson og Frosta Logason. Einnig mátti sjá fyrirsæturnar Önnu Þóru Alfreðsdóttur, **Maríu Birtu Bjarnadóttur** og kærustu hennar, Kolfinnu Kristófersdóttur, í göngunni. Páll Óskar Hjálmtýsson var ekki jafn áberandi í ár og hann var í fyrra en hann var fánaberi í þetta sinn og gekk við hlið plötusnúðsins Andreu Jónsdóttur. Kristján Kristjánsson, betur þekktur sem KK, var einnig í göngunni, sem og Beggi og Pacas. **- sm**



### Rokkað brúðkaup

**Bóas Hallgrímsson**, söngvari rokksveitarinnar Reykjavík!, gekk að eiga Sólveigu Helgadóttur lækni um helgina. Brúðkaupið var hið fjörugasta og meðal gesta voru Haukur S. Magnússon, meðlimur í Reykjavík! og ritstjóri Grapevine, Gestur Jónsson lögmaður og Óli Dóri, umsjónarmaður útvarpsþáttarins Straumsins á X-inu. **- sm**



### Mest lesið vísir

1. Bílslys á Suðurlandsvegi: Einn alvarlega slasaður
2. Myndaveisla: Litrík stemning á Hinsegin dögum
3. Borgarstjórinn í þjóðbúningi
4. 25 þýskir ferðamenn í rútunni
5. Hinsegin dagar með pólitísku sniði





